



**ÍSOR**  
ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR



**MANNVIT**  
VERKFRÆÐISTOFA



# Hugmyndalíkan jarðhitakerfisins á Þeistareykjum og jarðvarmamat með rúmmálsaðferð

Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR)  
Mannvit  
Verkfræðistofan Vatnaskil

Unnið fyrir Þeistareyki ehf.

ÍSOR-2008/024  
MV-049 Vatnaskil 08.05

ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR

Reykjavík: Orkugarður, Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1699  
Akureyri: Rangárvöllum, P.O. Box 30, 602 Ak. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1599  
isor@isor.is – www.isor.is



# Hugmyndalíkan jarðhitakerfisins á Þeistareykjum og jarðvarmamat með rúmmálsaðferð

Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR)  
Mannvit  
Verkfræðistofan Vatnaskil

Unnið fyrir Þeistareykji ehf.

ÍSOR-2008/024  
MV-049 Vatnaskil 08.05

Júní 2008

ISBN 978-9979-780-76-2



Skýrsla nr. ÍSOR-2008/024, MV-049, Vatnaskil 08.05.	Dags. Júní 2008	Dreifing <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Hugmyndalíkan jarðhitakerfisins á Þeistareykjum og jarðvarmamát með rúmmálsaðferð	Upplag 12	Fjöldi síðna 66
	Höfundar (í stafrófsröð) Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Christian Lacasse, Guðni Axelsson, Gunnar Þorgilsson, Halldór Ármannsson, Helga Tulinus, Kristján Sæmundsson, Ragna Karlsdóttir, Snorri Páll Kjaran, Sveinn Óli Pálmarsson, Sæunn Halldórsdóttir og Þorsteinn Egilson	
Gerð skýrslu / Verkstig	Verkefnisstjórar Snorri Páll Kjaran Guðni Axelsson	
	Verknúmer 522013	
Unnið fyrir Þeistareyki ehf.		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Rannsóknir á háhitasvæðinu á Þeistareyjum hafa staðið yfir með hléum frá 1972 og nú er bygging jarðhita-orkuvers þar í undirbúningi. Rannsóknarboranir hófust á Þeistareykjum 2001 og hafa 5 djúpar borholur verið boraðar þar. Samþætting niðurstöðna yfirborðs- og borholurannsóknna hefur leitt af sér hugmyndalíkan af jarðhitakerfinu. Niðurstöður TEM- og MT-viðnámsmælinga benda til þess að jarðhitasvæðið á Þeistareykjum sé stórt, eða allt að 45 km <sup>2</sup> . Mestar upplýsingar eru hins vegar tiltækar í stuttu austur-vestur sniði á bor-svæðinu norðan Bæjarfjalls en á því svæði er einnig mest yfirborðsummyndun. Mest lekt og lægstur hiti er í mjög opinni sprungurein sunnan við Tjarnarás. Undir Þeistareykjagrundum og norðan til í Bæjarfjalli er öflugt jarðhitauppstreymi sem bæði tengist norðlægum sprungukerfum og austur-vestur sprungurein og teygir sig svo áfram til norðurs. Vökvinn úr fjórum borholnanna telst mjög hentugur til raforkuvinnslu vegna hás vermis og hentugs efnainnihalds. Niðurstöður jarðvarmamats með rúmmálsaðferð og Monte Carlo reikningum eru þær að 90% líkur séu á því að heimtanlegur jarðvarmi (miðað við 5°C viðmiðunarhita) sé meiri en 4,94 EJ (exajúl = 10 <sup>18</sup> J). Jafnframt eru metnar 90% líkur á því að virkjanlegt rafafll sé meira en 241 MW <sub>e</sub> til 30 ára og meira en 145 MW <sub>e</sub> til 50 ára. Niðurstöður rúmmáls matsins spanna mjög víð bil, aðallega vegna mikillar óvissu í yfirborðsflatarmáli svæðisins og varmaheimtustuðli. Sú óvissa mun minnka með frekari borunum. Ekki er enn hægt að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfisins en góðar líkur má telja á því að hún sé a.m.k. 100–150 MW <sub>e</sub> til 100 ára, annaðhvort með stöðugri vinnslu eða með hléum, vegna eðlis og staðsetningar jarðhitakerfisins. Í framhaldinu verður hugmyndalíkanið grundvöllur reiknilíkans sem setja á upp til að meta framleiðslugetu Þeistareykjasvæðisins og viðbrögð þess við vinnslu á nákvæmari hátt.		
Lykilorð Þeistareykir, jarðvarmamát, jarðhitakerfi, hugmyndalíkan, rúmmálsaðferð	ISBN-númer 978-9979-780-76-2	
	Undirskrift verkefnisstjóra	
	Yfirfarið af ÁsG, GAX, SÓP	



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>9</b>
<b>2</b>	<b>Jarðhitakerfið á Þeistareykjum</b> .....	<b>11</b>
2.1	Yfirborðsjarðfræði .....	13
2.2	Niðurstöður viðnámsmælinga .....	18
2.2.1	TEM-mælingar á Þeistareykjum .....	18
2.2.2	MT-mælingar á Þeistareykjum .....	19
2.2.3	Helstu niðurstöður .....	21
2.3	Efnainnihald, yfirborðsvirkni og gashiti .....	23
2.4	Rannsóknarborholur .....	25
2.5	Jarðlög .....	26
2.6	Hiti og þrýstingur .....	30
2.7	Niðurstöður þrepaprófana .....	33
2.8	Niðurstöður afkastaprófana .....	33
<b>3</b>	<b>Hugmyndalíkan</b> .....	<b>36</b>
<b>4</b>	<b>Jarðvarmamat með rúmmálsaðferð</b> .....	<b>38</b>
4.1	Fræðilegur grunnur .....	38
4.2	Monte Carlo reikningar .....	39
4.3	Ákvörðun á breytum fyrir reikninga .....	39
4.3.1	Yfirborðsflatarmál .....	40
4.3.2	Þykkt .....	40
4.3.3	Poruhluti bergs .....	40
4.3.4	Varmarýmd .....	40
4.3.5	Berghiti .....	41
4.3.6	Varmaheimtustuðull .....	43
4.3.7	Viðmiðunarhiti og nýtnistuðull .....	43
4.4	Niðurstöður .....	44
<b>5</b>	<b>Lokaorð</b> .....	<b>51</b>
<b>6</b>	<b>Heimildir</b> .....	<b>54</b>
	<b>Viðauki 1: Upplýsingar úr kjarnaholu ÞR-7</b> .....	<b>59</b>
	<b>Viðauki 2: Hita- og þrýstingsferlar úr djúpum rannsóknarholum á Þeistareykjum</b> .....	<b>61</b>
	<b>Viðauki 3: Aflmælingar holna ÞG-1, ÞG-3, ÞG-4 og ÞG-5</b> .....	<b>63</b>
	<b>Viðauki 4: Næmnigreining rúmmáls matsins</b> .....	<b>65</b>

## Töflur

Tafla 1. Yfirlit yfir rannsóknarborholur á Þeistareykjum .....	25
Tafla 2. Niðurstöður þrepaprófana á djúpum rannsóknarholum á Þeistareykjum .....	33
Tafla 3. Yfirlit yfir breytur sem notaðar eru við útreikning á varmaforða og rafafli Þeistareykja.	45
Tafla 4. Gildi á tölfraðilegum stærðum fyrir líkindadreifingu heimtalegs varma fyrir hitastig yfir 5°C. ....	47
Tafla 5. Gildi á tölfraðilegum stærðum fyrir líkindadreifingu heimtanlegs varma fyrir hitastig yfir 180°C.....	48
Tafla 6. Gildi á tölfraðilegum stærðum fyrir líkindadreifinguna fyrir rafafli úr áætluðum jarðhitageymi á Þeistareykjum til 30, 50 og 100 ára.....	50

## Myndir

Mynd 1. Jarðfræðikort af Þeistareykjum.....	12
Mynd 2. Kort af Þeistareykjasvæðinu sem sýnir tvö yngstu hraunin og segullægð sem tengist jarðhitunum (jafnsegllínur).. ....	16
Mynd 3. Jarðhitakort af Þeistareykjum.....	17
Mynd 4. Viðnám á 800–900 m dýpi (500 m u.s.) umhverfis Þeistareyki og í Gjástykki .....	19
Mynd 5. Viðnám á 500 m u.s. á Þeistareykjum skv. MT-mælingum.....	20
Mynd 6. Samandregnar meginniðurstöður TEM- og MT-viðnámsmælinga á Þeistareykjum. ...	22
Mynd 7. Svæðisskipting jarðhitasvæðisins á grundvelli gassamsetningar gufuaugna.....	23
Mynd 8. Breytingar á yfirborðsvirkni á Þeistareykjum 1984–1991 .....	24
Mynd 9. Hugsanlegt rennslisástand á Þeistareykjum skv. efnainnihaldi yfirborðsvirkni. ....	25
Mynd 10. Staðsetning og lega borholna á Þeistareykjum.....	26
Mynd 11. Jarðlagasúlur byggðar á greiningu svarfs úr rannsóknarholum á Þeistareykjum ásamt hugsanlegum tengingum á milli holna. ....	27
Mynd 12. Samanburður mælds hita, suðumarkshita og ummyndunarhita í holu ÞG-4. ....	28
Mynd 13. Samanburður mælds hita, suðumarkshita og ummyndunarhita í holu ÞG-5. ....	29
Mynd 14. Ummyndunarhiti borinn saman við mældan hita í austur-vestur sniði um holur ÞG-3, ÞG-1 og ÞG-2.....	30
Mynd 15. Hita- og þrýstingssnið í gegnum holur ÞG-1, ÞG-2, ÞG-3 og ÞG-5.....	31
Mynd 16. Hita- og þrýstingssnið í gegnum holur ÞG-1 og ÞG-4.....	32
Mynd 17. Heildarflæði gufu- og vatnsfasa úr holum ÞG-1, ÞG-3, ÞG-4 og ÞG-5. ....	34
Mynd 18. Flæði gufufasa úr holum ÞG-1, ÞG-3, ÞG-4 og ÞG-5. ....	34
Mynd 19. Heildarvermi úr holum ÞG-1, ÞG-3, ÞG-4 og ÞG-5. ....	35
Mynd 20. Þrýstingur á holutoppum ÞG-1, ÞG-3, ÞG-4 og ÞG-5.....	35
Mynd 21. Megindrættirnir í hugmyndalíkani Þeistareykjakerfisins í austur-vestur sniði um holur ÞG-2 og 3.....	37
Mynd 22. Berghiti í holum ÞG-1, ÞG-2, ÞG-3, ÞG-4 og ÞG-5.....	42
Mynd 23. Slembigildi úr líkindadreifingu á yfirborðsflatarmáli safnað í 80 hlutbil. ....	44
Mynd 24. Slembigildi úr líkindadreifingu á poruhluta safnað í 80 hlutbil. ....	44
Mynd 25. Slembigildi úr líkindadreifingu á fráviki frá suðuferli safnað í 80 hlutbil. ....	44



Mynd 26. Slembigildi úr líkindadreifingu á varmaheimtustuðli safnað í 80 hlutbil.....	44
Mynd 27. Líkindadreifing fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 5°C. ....	46
Mynd 28. Uppsöfnuð líkindi fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 5°C. ....	46
Mynd 29. Líkindadreifing fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 180°C. ....	47
Mynd 30. Uppsöfnuð líkindi fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 180°C. ....	48
Mynd 31. Líkindadreifing fyrir rafafl úr áætluðum jarðhitageymi á Þeistareykjum til 30, 50 og 100 ára.....	49
Mynd 32 Uppsöfnuð líkindi fyrir rafafl úr áætluðum jarðhitageymi á Þeistareykjum til 30, 50 og 100 ára.....	49

## Myndir í viðaukum

Mynd 33. Temperature profile, alteration layers and simplified geological log of well ÞR-7.....	60
Mynd 34. Hitamælingar í holu ÞG-1 á Þeistareykjum.....	61
Mynd 35. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-1 á Þeistareykjum. ....	61
Mynd 36. Hitamælingar í holu ÞG-2 á Þeistareykjum.....	62
Mynd 37. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-2 á Þeistareykjum. ....	62
Mynd 38. Hitamælingar í holu ÞG-3 á Þeistareykjum.....	62
Mynd 39. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-3 á Þeistareykjum. ....	62
Mynd 40. Hitamælingar í holu ÞG-4 á Þeistareykjum.....	62
Mynd 41. Hitamælingar í holu ÞG-5 á Þeistareykjum.....	62
Mynd 42. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-4 á Þeistareykjum. ....	62
Mynd 43. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-5 á Þeistareykjum. ....	62
Mynd 44. Mælt vermi og flæði holu ÞG-1 árið 2002. ....	63
Mynd 45. Mældur toppþrýstingur og flæði holu ÞG-1 árið 2002.....	63
Mynd 46. Mælt vermi og flæði holu ÞG-1 2007–2008.....	63
Mynd 47. Mældur toppþrýstingur og flæði holu ÞG-1 2007–2008.....	63
Mynd 48. Mælt vermi og flæði holu ÞG-3 2007–2008.....	63
Mynd 49. Mældur þrýstingur og flæði holu ÞG-3 2007–2008.....	63
Mynd 50. Mælt vermi og flæði holu ÞG-4 2007–2008.....	64
Mynd 51. Mælt vermi og flæði holu ÞG-5 2007–2008.....	64
Mynd 52. Mældur toppþrýstingur og flæði holu ÞG-4 2007–2008.....	64
Mynd 53. Mældur toppþrýstingur og flæði holu ÞG-5 2007–2008.....	64
Mynd 54. 90% öryggisbil á rafafl til 50 ára fyrir mismunandi breidd á líkindadreifingu á yfirborðsflatarmálinu. ....	65
Mynd 55. 90% öryggisbil á rafafl til 50 ára fyrir mismunandi líklegustu gildi á líkindadreifingu af varmaheimtustuðlinum.....	66
Mynd 56. 90% öryggisbil á rafafl til 50 ára fyrir mismunandi gildi á rafnýtnistuðli. ....	66



# 1 Inngangur

Þeistareykir í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu hafa lengi verið þekkt háhitasvæði og er tilvist jarðhita á svæðinu augljós á þeim yfirborðsummerkjum sem þar sjást. Ítarlegar rannsóknir fóru fram á svæðinu á vegum Orkustofnunar á árunum 1972–1974 og 1981–1983. Halldór Ármannsson (2001) hefur tekið saman yfirlit um þær. Rannsóknarboranir hófust svo á svæðinu árið 2001 á vegum Þeistareykja ehf. Nýjar viðnámsmælingar frá 2004 – 2007 leiða í ljós að hugsanlega er um töluvert stórt jarðhitakerfi að ræða. Rannsóknarborholur hafa þó aðeins staðfest jarðhita á því svæði þar sem yfirborðsummyndun er hvað mest.

Nú er bygging jarðhitaorkuvers á Þeistareykjum í undirbúningi og í janúar sl. fólu Þeistareykir ehf. Íslenskum orkurannsóknnum (ÍSOR) og Verkfræðistofunni Vatnaskilum verkefni sem felur í sér (i) gerð hugmyndalíkans af jarðhitakerfinu, (ii) frummat á afkastagetu þess með rúmmálsaðferð og (iii) uppsetningu reiknilíkans af jarðhitakerfinu. Í þessari skýrslu eru niðurstöður fyrstu tveggja verkþáttanna teknar saman.

Hugmyndalíkan er e.k. samsafn hugmynda um gerð og eðli jarðhitakerfis sem byggist á öllum tiltækum gögnum frá jarðhitasvæðinu á hverjum tíma. Í stuttu máli segir líkanið til um uppstreymi jarðhitavökvans og rennislisleiðir hans. Hugmyndalíkan er nauðsynleg undirstaða fyrir uppsetningu og gerð reiknilíkans. Til þess að gera hugmyndalíkan af jarðhitasvæði þarf að fara yfir öll tiltæk gögn, og fyrirbyggjandi túlkun þeirra, og skoða þau í samhengi. Helstu gögn sem tiltæk eru frá Þeistareykjasvæðinu og notuð voru við smíði hugmyndalíkansins eru:

- Yfirborðsjarðfræði, þ.á m. gögn um jarðmyndanir og sprungur.
- Efnasamsetning jarðhitavökva – gögn um efnainnihald vatns og gufu úr náttúrulegu útstreymi.
- Yfirborðsmælingar, einkum viðnámsmælingar eins og TEM- og MT-mælingar.
- Niðurstöður flugsegulmælinga sem Þorbjörn Sigurgeirsson gerði 1974 (Gestur Gíslason o.fl., 1984).
- Borholujarðfræði byggð á svarfgreiningu og borholumælingum.
- Hita- og þrýstimælingar auk upplýsinga um helstu æðar í holum.
- Niðurstöður borholuprófana við borlok, blástursprófanir og aðrar prófanir.
- Efnainnihald sýna af borholuvökva.

Öll tiltæk gögn, og fyrirbyggjandi túlkun þeirra, eru yfirfarin og borin saman og sett í samhengi við gerð hugmyndalíkansins.

Helstu niðurstöðum hugmyndalíkansins af Þeistareykjum er ætlað að sýna eftirfarandi:

- Jarðlagaskipan svæðisins, mögulegar sprungur, misgengi og annað sem áhrif getur haft á rennislisleiðir heita vökvans.
- Upphaflegt hita- og þrýstiástand.
- Skiptingu upp í undirkerfi á grundvelli efnainnihalds vatns og gufu.
- Staðsetningu á uppstreymi og innstreymi í jarðhitakerfið.
- Stærð þess, bæði flatarmál og þykkt.
- Mat á lekt, poruhluta og öðrum einkennisstærðum.
- Randskilyrði fyrir reiknilíkan.

Rúmmálsmatinu er ætlað að uppfæra eldra jarðvarmamat sem gert var fyrir svæðið árið 1985 (Guðmundur Pálmason o.fl., 1985). Matið felur í sér áætlun um það hversu mikill varmi er

fólginn í bergi og vatni jarðhitasvæðis og hve stór hluti þess sé nýtanlegur til orkuframleiðslu á gefnu tímabili. Í flestum tilvikum er stuðst við einhverskonar útfærslu á rúmmálsaðferð þar sem stærðarmörk jarðhitakerfisins eru ákvörðuð og varmaforði svæðisins reiknaður út frá gefnum forsendum um hitadreifingu og varmarýmd í jarðhitageyminum. Við mat á framleiðslugetu svæðisins með rúmmálsaðferð er beitt Monte Carlo hermun. Hún felst í því að skilgreind eru svið (líkindadreifingar) fyrir helstu stærðir sem ganga inn í rúmmálsaðferðina. Á þennan hátt fæst líkindadreifing fyrir vinnslugetu svæðisins og óvissumörk á niðurstöðuna.


Rétt er að leggja á það áherslu að rúmmálsaðferðin tekur ekki tillit til mikilvægra þátta sem ráða miklu um afkastagetu jarðhitakerfa eins og þrýstilækkunar vegna vinnslu, þróunar gufupúða, innstreymis og áhrifa niðurdælingar, nema í gegnum svokallaðan varmaheimtu-stuðul, enda er aðferðin yfirleitt notuð til að fá fyrsta mat á afkastagetu jarðhitakerfa áður en upplýsingar um ofangreinda þætti eru tiltækar. Allir þessir þættir stuðla að meiri afkastagetu. Jarðfræðilegar aðstæður á Þeistareykjum eru þannig að m.a. má gera ráð fyrir að innstreymi í jarðhitakerfið sé öflugt, eins og gjarnan er innan gosbelta landsins. Þá nýtist rúmmálsaðferðin ekki vel til að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa eða afturkræfni áhrifa vinnslu. Einungis er hægt að leiða líkum að slíku áður en nokkuð löng reynsla er komin á viðbrögð jarðhitakerfa við vinnslu.

Í framhaldi af gerð hugmyndalíkans og rúmmáls mats verður sett upp reiknilíkan til að meta með nákvæmari hætti framleiðslugetu svæðisins og viðbrögð þess við vinnslu. Reiknilíkanið byggist á vinnunni við gerð hugmyndalíkansins ásamt öllum tiltækum upplýsingum um viðbrögð svæðisins við blæstri holna og síðar vinnslu. Gert er ráð fyrir að nota *TOUGH2/iTOUGH2* tölvuforritin við líkangerðina og að fyrsta útgáfa reiknilíkansins og niðurstöður úr því verði tilbúna í september/október 2008.

## 2 Jarðhitakerfið á Þeistareykjum

Þeistareykir eru um 25 km suðaustur af Húsavík á sunnanverðri Reykjaheiði milli Lambafjalla í vestri og Þeistareykjabungu í austri. Mest allt jarðhitasvæðið er á flatlendi norðan og norðvestan undir Bæjarfjalli í hraunum og á grónu landi í 320–370 m hæð. Merki um jarðhita má þó einnig finna í Bæjarfjalli og Ketilfjalli í 530 og 500 m hæð. Mynd 1 sýnir megindrættina í yfirborðsjarðfræði svæðisins, helstu kennileiti og staðsetningu djúpra borholna. Skipulagðar rannsóknir voru gerðar á jarðhitunum á Þeistareykjum á árunum 1972–1974 (Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir, 1975) og 1981–1983 (Darling og Ármannsson, 1989; Gestur Gíslason o.fl., 1984). Yfirborðsummerki jarðhitans hafa verið flokkuð í leirhveri, brenni-steinsþúfur, heita ummyndun, gufur, volgrur, afbræðslur og kalda ummyndun og ná alls yfir um 11 km<sup>2</sup> svæði (Darling og Ármannsson, 1989; Gestur Gíslason o.fl., 1984). Viðnámsmælingar sem gerðar voru í tengslum við rannsóknirnar sýndu lágviðnámslag undir svæðinu sem umlykur alla yfirborðsummyndun en er töluvert stærra, eða um 18 km<sup>2</sup>. Viðnámsmælingar frá árunum 2004–2007 gefa vísbendingar um að stærð kerfisins sé enn meiri og geti verið allt að 45 km<sup>2</sup> (sjá hér á eftir). Rannsóknarborholur sem boraðar hafa verið á Þeistareykjum hafa staðfest háhita á svæðinu þar sem ummyndun er mest. Frekari boranir þarf til að staðfesta hvort viðnámsmælingarnar gefa rétta mynda af útbreiðslu jarðhita á svæðinu.

Halldór Ármannsson (2001) vann skýrslu um svæðið þar sem teknar voru saman niðurstöður rannsókna sem gerðar höfðu verið á svæðinu. Hann túlkaði saman niðurstöður yfirborðsrannsókna, efnagreininga og viðnámsmælinga og setti fram hugmyndalíkan af svæðinu. Ári seinna hófust boranir á Þeistareykjum. Holur ÞG-1 og ÞG-2 voru boraðar 2002–2003 og hola ÞG-3 2006. Hitamælingar úr þessum holum hafa staðfest tilvist háhitakerfis á Þeistareykjum. Hiti í holum ÞG-1 og ÞG-3 er nálægt suðumarksferli og mælist hæsti hiti yfir 350°C. Hola ÞG-2 er kaldari og mælist hæstur hiti í henni um 240°C niður við botn á 1700 m dýpi. Þar getur verið um að ræða kælingu frá yfirborði í tengslum við sprungusvæðið sem liggur í N-S fyrir vestan Bæjarfjall. Holur ÞG-4 og ÞG-5 voru boraðar árið 2007 og voru þær staðsettar með það í huga að staðsetja hugsanlegt uppstreymissvæði undir Þeistareykjum. Fyrstu hitamælingar úr þessum holum benda til hitaferla sem eru áþekkir ferlum holna ÞG-1 og ÞG-3. Síðar kom í ljós að hola ÞG-5 lenti inn í köldu reininni í nánd við ÞG-2 og kólnar hún neðan 800 m dýpis. Holunni var upphaflega ætlað að enda um 200–300 m neðan við holubotn ÞG-2, en það misheppnaðist og stefndi hún þess í stað á botn hennar. Stöðu rannsóknaborana á Þeistareykjum í lok árs 2007 er lýst í greinargerð Ásgríms Guðmundssonar (2007).



**Mynd 1.** Jarðfræðikort af Þeistareykjum. Rauði ferillinn sýnir mörk jarðhitakerfisins samkvæmt TEM-viðnámsmælingum frá 2004–2006. Kaldar hveraskellur sunnan við Mælifell eru vestan við þau mörk.

## 2.1 Yfirborðsjarðfræði

Kristján Sæmundsson (2007) fjallar ítarlega um jarðfræði Þeistareykjasvæðisins og er eftirfarandi byggt á þeim skrifum. Þeistareykjasvæðið er miðjan í eldstöðvakerfi sem nær utan frá Axarfirði suður fyrir Mývatn. Þeistareykjasvæðið ber flest einkenni megineldstöðvar, nema í landslagi. Þar er mest upphleðsla í eldstöðvakerfinu, líparít kemur þar fyrir og þar er háhitasvæði. Jökull hefur hörfað af Þeistareykjasvæðinu allöngu áður en ísöld lauk (lok hennar eru sett við 11.500 ár frá nútíð). Land er þar að mestu þakið hraunum. Þau runnu öll, nema eitt, á lokaskeiði ísaldar og skömmu eftir ísaldarlok. Öll eru þau dyngjuhraun, misjöfn að stærð og ólík að bergsamsetningu. Eldri myndanir, móbergs- og bólstrabergsfjöll eru með fáum undantekningum einnig úr dyngjubasalti. Þau setja mestan svip á landslagið þar sem eru Lambafjöll og Þeistareykjafjöllin. Jarðhitinn á Þeistareykjum er allur austan megin í sprungusveimi kerfisins. Kaldar leirskellur eru vestan megin í honum, suður af líparíthnúknum Mælifelli.

Elstu jarðmyndanir eru móbergsstapar í Lambafjöllum og ofan á þeim móbergshryggir og móbergstúff og túffbreiður. Þetta er svo til allt úr basalti. Á stöpunum eru grágrýtishraunlög en annars eru þeir að sjá úr skálaga breksíu. Austan í Lambafjöllum eru misgengi, þau stærstu a.m.k. 200–300 m. Af stærð þeirra má ráða í aldurinn miðað við stærð misgengja í hrauninu (um 12–13 þúsund ára) sem liggur að fjöllum. Þau væru eftir því vart yngri en 200–300 þúsund ára. Í Þeistareykjafjöllum er Ketilfjall langelst. Ganghleini stendur víða upp úr háhryggnum og innskotsfleygar frá henni út í móbergið. Ketilfjall er það eina af þessum fjöllum sem komið hefur upp á langri (a.m.k. 4 km) gossprungu. Bæjarfjall er sennilega yngst Þeistareykjafjalla.

Þróað berg er aðeins að finna vestan megin á Þeistareykjasvæðinu. Nyrst í austasta móbergs-hryggnum á Lambafjöllum koma fyrir tveir gangar úr bergi sem greint var í felti sem basalt-andesít. Mælifell og Hólkorn (Litla-Mælifell) 1500 m norðan þess eru úr líparíti, hvort tveggja mjög skriðurunnin. Ljóst er að líparítið hefur komið upp á N-S sprungu.

Um hraunin skiptir í tvö horn eftir stærð og útbreiðslu en öll eru þau af dyngjugerð. Norðan í Lambafjöllum er fjöldi smádyngja á litlu svæði en austar eru stór dyngjur, tvær í miðri siglægd sprungusveimsins og tvær austan við hann, en hraun frá þeim ná vestur á Þeistareykjasvæðið.

Smáhraun norðan í Lambafjöllum eru a.m.k. 10 talsins í þyrpingu á 5 km löngu belti þar norðaustur frá. Ekki er víst að hraunin hafi runnið í jafnmörgum gosum, enda ljóst að þau hafa komið upp á stuttu tímabili, líkast til á Bölling-Alleröð hlýindakaflanum. Hvammahraun er stærsta hraunið af þeim sem upp komu norðan Lambafjalla og jafnframt yngst af þeim. Upptök þess eru í gíg neðan undir stóru misgengi norðaustan í Lambafjöllum. Stærðarmisgengi og gjár eru í þessu hrauni. Það stærsta er vestan við gíginn, um 30 m. Það er framhald stærsta misgengisins austan í Lambafjöllum.

Skildingahólshraun nær að rótum Lambafjalla og hefur runnið vestur að Höskuldsvatni og inn í Geldingadal og vestur úr dalstafninum. Þótt hraun þetta sé mikið að flatarmáli (langt yfir 100 km<sup>2</sup>) er vart hægt að tala um dyngjulögun á því, svo flatt er það. Því valda að nokkru misgengi sem eru mörg og stór og eins snörun á spildum milli þeirra. Það hefur því líkast til runnið á Alleröð, hlýindakafla, eða snemma á Yngri-Dryas, kuldakafla sem á eftir fylgdi. Afstaða Skildingahólshrauns til þess yngsta af smáhraununum áður nefndu sannar að þau eru öll eldri.

Stórávítisdýngjan (Þeistareykjabunga) er ein stærsta dýngja landsins, líklega um 20 km<sup>3</sup> að rúmmáli. Uptök hennar eru í Stórávíti. Hraun úr henni hafa runnið vestur á Þeistareyki um skörð báðum megin við Ketilfjall. Gígurinn, Stórávíti, er mjög sérstakur. Hann er um 140 m djúpur, myndaður er hraunkvikan dróst niður í goslok. Langavíti er norður af Stórávíti, gígur í yngra hrauni og ólíku Stórávítishrauninu að gerð. Hraun frá því ná niður í byggð. Þrátt fyrir þessa útbreiðslu er Langavítishraunið aðeins þunnt skæni, ef svo má segja, ofan á Stórávítisdýngjunni nema rétt efst þar sem það myndar dálítið æxli þar sem byrjar að halla norður af henni. Borgarhraun er upprunnið í lágum og grunnum en víðum gíg um 1 km suðvestan við Þórunnarfjöll (sjá mynd 2). Það hefur runnið vestur sunnan við Kvíhólafjöll og breiðst út í hraunsundinu milli Þeistareykjafjalla og Lambafjalla. Ljóst, svo kallað S-öskulag (úr Öskju) er fast undir hrauninu. Það sýnir að aldur þess er 11.000–11.400 ár. Borgarhraun er úr pikríti, mjög ólivíndílótt. Að stærð/rúmmáli mun það vera stærsta pikrítmyndunin á landinu (32 km<sup>2</sup>). Hitur, gufusvæði vestan við Bæjarfjall, eru að mestu á þessu hrauni. Þeistareykjahraun er yngst hraunanna á Þeistareykjasvæðinu, komið úr gíg sem nefndur er Stórhver. Aldur hraunsins er rúmlega 2500 ár. Þeistareykjahraun er 28 km<sup>2</sup> að flatarmáli en meðalþykkt þess er varla minni en 40 m og rúmmálið um 1 km<sup>3</sup>. Eflaust hefur mikið runnið ofan í gjár sem ófáar liggja undir hraunið með uppsafnaðri 10.000 ára gliðnun.

Þeistareykjasvæðið er heitt austan megin en kalt vestan megin og Þeistareykjahraun skilur á milli. Austan megin er hverasvæði með volgri jörð, miklum gufu-, leir- og brennisteinshverum, og hitum þar sem gufueim leggur upp úr gljúpu hrauni og gjám (sjá mynd 3). Vestan megin eru kaldar leirskellur á allstóru svæði sunnan við Mælifell. Þær eru á gjásvæði í Skildingahólshrauni og algróið þar umhverfis. Hverir hafa líklega ekki verið þar uppi síðan fyrir Heklugosið H3 (3100 ára). Misgengi sem liggur frá Bæjarfjalli í sveig norður með Tjarnarási skiptir hverasvæðinu þannig að austan þess eru misgengi ekki sýnileg öðruvísi en í dreifingu hveranna fyrr en uppi á Bæjarfjalli. Því veldur einkum framburður frá fjallinu. Vestan við Tjarnarás eru misgengi hins vegar skýr í landslagi. Sig á þeim nemur nokkrum metrum að vestanverðu og mikil hveravirkni fylgir þeim sunnan til en kaldar og rétt volgar leirskellur raða sér frá hverunum allangt norður með þeim. Vestan undir Ketilfjalli mótast fyrir tveimur sprengigígum við brekkurætur hvor sínum megin við Ketil, hverabollann í hlíðinni.

Sprungusveimur Þeistareykjakerfisins er 7–8 km breiður um miðbikið sem hér hefur verið til umræðu. Miðja sigsvæðisins hleypur til á hvera- og skellusvæðinu. Þeistareykja megin er miðjan skammt vestur af Bæjarfjalli og Kvíhólum og liggur þaðan suður, Mælifells megin er hún skammt vestan við Mælifell og liggur þaðan norður á Höfuðreiðarmúla. Hliðrunin nemur um 4 km. Hún verður á mjóu bili sem liggur í austur-vestur. Á því miðju er Stórhver, upptakagígur Þeistareykjahrauns. Vestan megin er töluvert um snaraðar spildur milli misgengjanna, ekki bara bratta halla (hliðstæða hallanum við Almannagjá) heldur hallandi um fáar gráður niður að meginsiginu.

Í hraunsundinu milli Þeistareykjafjalla og Lambafjalla er fjöldinn allur af gjám og misgengissprungum. Sunnan við Þeistareykjahraun töldust þær 30 á 4,5 km bili milli Kvíhóla/Kvíhólafjalla og Gæskuveggjar að vestan en þar af var aðeins ein á vestustu 1500 metrunum. Samanlögð vídd gjánna á þessu bili reyndist vera á bilinu 45–50 m. Gjárnar eru í Borgarhrauni. Nærri lætur að rifnunin sé um fjórði hluti þess sem búast mætti við þvert yfir rekkbeltið á þessu tímabili. Líkast til hefur orðið a.m.k. ein gliðunarhrina í Þeistareykjakerfinu sem heimildir greina frá, eða árið 1618. Árið 1885 varð jarðskjálfti með upptök þar




nærri sem misgengi sunnan í Tjörnesblökkinni ganga inn í Þeistareykjasveiminn. Óvíst er hvort honum hafi fylgt gliðnun á gjám.

Í Þeistareykjahrauni sjást ekki gjár fyrr en norðan til. Höggun í því byrjar við Skildingahólsvegg og nær norðvestur á Hellur á Reykjaheiði þar sem hraunið endar. Skildingahólsveggur klofnar nyrst í tvær greinar. Önnur, Guðfinnugjá, heldur óbreyttri stefnu til norðurs, hin, Sæluhúsveggur, klýfur sig frá til norðvesturs. Meginþættir í færslu beggja eru sig og gliðnun. Færslan á Skildingahólsvegg deilist nokkuð jafnt á báðar norðlægu greinarnar. Norðvesturgreinin er „transtensional“ (þ.e. bæði með lárétta og lóðrétta færslu) eins og Húsavíkurmisgengin sem hún rennur saman við norður hjá sæluhúsinu.


Á Þeistareykjasvæðinu verður trauðla bent á nokkuð sem heitir þungamiðja gosvirkinnar. Hún er dreifð yfir stórt svæði frá Lambafjöllum austur á Þeistareykjabungu. Svo öfugsnúið sem það nú kann að sýnast mætti helst tala um miðsvæði þar sem landið er hvað lægst í meginsigdældinni. Þetta er það svæði þar sem dyngjur og gjásvæði falla saman og sigið fær aukinn drifkraft af þunga bergsins í dyngjunum og gangainnskotum úr frumstæðu bergi sem aldrei náðu til yfirborðs. Þetta kemur fram í snörun á breiðum spildum inn að meginsiginu. Önnur birtingarmynd þessa eru gjárnar sem gangarnir fylltu ekki upp.

Gera má ráð fyrir að líparít og andesít hafi þróast í grunnstæðu kvikuhólfi ofan til í skorpunni, á svo sem 4–7 km dýpi miðað við 20–25 km þykkt hennar. Síðustu merki um að það hafi verið virkt eru varla eldri en frá síðasta jökulskeiði. Ætla verður að það sé gegnstorkið nú, nema ef leifar skyldu enn vera til staðar, sem heitur innskotsmassi eða hálfbráð og þá helst austan megin á svæðinu. Jarðhitinn tengist því óbeint en það er náttúra kvikuhólfa að frá þeim skýst urmull keiluganga og óreglulegra innskota og æða sem virka sem hitagjafar langt ofan við sjálfa kvikuþróna.

Athyglisverð er mikil vinstri hliðrun á aðalsiginu í sprungusveimnum. Hún verður á beltí sem stefnir frá Þeistareykjum yfir Stórahver og skellurnar sunnan við Mælifell upp í norðurendann á Skeiðinni. Þetta er nokkurn veginn á sömu spildunni og þar sem jarðhitinn er mestur. Stefnan er sú sama og stefna plötuskriðsins (N105°A). Það bendir til að þarna undir sé staðbundin rás fyrir kviku að leita upp í og mynda innskotakomplex sem síðan stækkar út í frá með tímanum eins og rekstefna og rekhraði bjóða. Slík rás myndi fæða grunnstætt kvikuhólf sem nefnt var í byrjun en er ekki endilega bundið við eina miðju ef langt líður milli innstreymisfasa. Segullægð þvert yfir sunnið frá Þeistareykjum vestur að Lambafjöllum, sem kemur fram á flugsegulkorti (Gestur Gíslason o.fl., 1984), er frekari stuðningur við ályktun um þverstrúktúr á Þeistareykjasvæðinu sem bæði ræður innskota- og jarðhitavirkni.



**Mynd 2.** Kort af Beistareykjasvæðinu sem sýnir tvö yngstu hraunin (fjólublá) og segullægð sem tengist jarðhitanum (jafnsegullínur). Gígurinn í Beistareykjahrauni og hraunbunkinn kringum hann deyfir segulfrávikid. Segullægð í Lambafjöllum orsakast líklega af öfugt segulmögnuðu bergi undir móbergsstöpunum. Tölur við jafnsviðslínur sýna nanótesla, áður táknað með  $\gamma$  (gamma).



Mynd 3. Jarðhitakort af Peistareykjum. Hitarákirnar gefa til kynna nán tengsl við gjár og misgengi.

## 2.2 Niðurstöður viðnámsmælinga

### 2.2.1 TEM-mælingar á Þeistareykjum


Á árunum 2004–2006 var viðnámsmælt á Þeistareykjum með TEM-aðferð (*e. Transient-Electro-Magnetic*) og er greint frá niðurstöðum þeirra mælinga í skýrslu Rögnu Karlsdóttur o.fl. (2006). Sem dæmi um niðurstöður mælinganna sýnir mynd 4 jafnviðnámskort á 800 – 900 m dýpi.

**Þeistareykir:** Á hinum eiginlegu Þeistareykjum eru mikil ummerki um jarðhita á yfirborði en þar er að finna leir- og gufuhveri. Hitaummyndunin, þar sem leirinn (smektítið) er ráðandi (lágviðnámskápan), nær upp í yfirborð. Háviðnámskjarninn er þar á 200 metra dýpi þar sem hann nær hæst (mæling 105075). Fyrsta háhitaborholan á Þeistareykjasvæðinu, PG-1, er boruð við Þeistareyki um 300–400 m frá skálanum þar sem mikil ummyndun er á yfirborði. Ef bornar eru saman niðurstöður leirgreininga úr holunni (Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Sigvaldi Thordarson o.fl., 2002) og niðurstöður úr næstu viðnámsmælingu við hana (105075) sést að smektít er ráðandi niður á 200 metra dýpi. Þar kemur blandlag inn, þ.e. blanda smektíts og klóríts, en klórít er orðið ráðandi á 230 metra dýpi. Ef rýnt er í mælinguna sést að viðnámið er mjög lágt, 2–3  $\Omega$ m, niður á um 200 metra dýpi (lágviðnámskápa) en þar hækkar viðnámið mjög greinilega (háviðnámskjarni). Þarna er sem sé mjög góð fylgni á milli viðnáms og ummyndunar.

**Stórahver:** Undir Stórahver er lágviðnámskápan hæst á um 200 metra dýpi og háviðnámskjarninn á 300–400 metra dýpi. Allt svæðið er þakið ungunum hraunum og ekki greinileg jarðhitaummerki á yfirborði. Þar sjást þó gufur á góðum degi. Viðnámið, og þar með ummyndunin, segir til um að þarna sé, eða hafi verið, 240°C hiti á 300–400 metra dýpi. Hvort sú er raunin verður þó ekki staðfest nema með rannsóknarborunum.

Við þetta er að bæta að kjarnahola hefur verið boruð norður af Stórahver (viðauki 1) og fyrstu upplýsingar um leirumyndun gefa til kynna að smektít komi fyrst á 220 metra dýpi í holunni, áhrif blandlags á 320 metra dýpi og klóríts á 440 metra dýpi (Sigurður S. Jónsson, 2008). Þetta er í takt við viðnámið, sbr. hér á undan.

**Mælifell:** Þunnt lágviðnámslag er á 100–200 metra dýpi í nokkrum mælingum sunnan við Mælifell. Það sést í öllum mælingum á vesturjaðri mælisvæðisins, allt frá 1 km norðan Mælifells til 2 km suður fyrir það. Þetta lágviðnámslag stendur hærra en lágviðnámskápan yfir Stórahversmó og er ekki auðséð að tengja megri þar á milli. Köld jarðhitaummyndun sést á yfirborði við Mælifell og því eðlilegt að álykta svo að lágviðnámið sé vísbending um jarðhitakerfi sem hefur kólnað þannig að viðnámið og þar með ummyndunin sé ekki í jafnvægi við núverandi hitaástand. Þetta er þó ekki hægt að sannreyna nema með rannsóknarborun (Ragna Karlsdóttir o.fl., 2006).




**Mynd 4.** Viðnám á 800–900 m dýpi (500 m u.s.) umhverfis Þeistareykji og í Gjástykki, sem er SA af Þeistareykjum, skv. TEM-mælingum (Ragna Karlsdóttir o.fl., 2006). Punktarnir sýna mælistaði. Myndin sýnir háviðnámskjarna sem eru umluktar lágviðnámskápum.

### 2.2.2 MT-mælingar á Þeistareykjum

MT-mælingar („Magneto Telluric“ mælingar) voru gerðar á Þeistareykjasvæðinu sumarið 2007. Niðurstöður þeirra eru birtar í tveimur skýrslum (Yu o.fl., 2008a; 2008b). Þar er að finna staðsetningu mælinganna. TEM-mælingarnar mæla viðnám niður á 800–1000 metra dýpi. MT-mælingar mæla hins vegar niður á tuga kílómetra dýpi, en nákvæmni þeirra nálægt yfirborði er að sama skapi minni.

MT-mælingarnar eru teknar eftir löngum sniðum (prófilum) í gegnum svæðið svo og á þéttu mælineti á NV hluta mælisvæðis TEM-mælinganna. Löngu prófílnir ná vel út fyrir mælisvæði TEM-mælinganna og sést á nöfnum MT mælistöðvanna hvort þær eru teknar innan svæðisins þar sem lágviðnámskápa sést í TEM-mælingunum eða utan þess. Þeim fyrrnefndu er gefið heiti Ixxx en þeim síðarnefndu heiti Uxxx, þar sem xxx er raðnúmer.

MT-mælingarnar sýna mjög svipaða viðnámsdreifingu og TEM-mælingarnar á því svæði og dýptarbili sem er mælingunum sameiginlegt (sjá mynd 5). Þær sýna lágviðnámskápu undir yfirborði eins og TEM-mælingarnar. Hún nær frá yfirborði á Þeistareykjum og er nærri yfirborði undir Stórahver. Líkt og í TEM-mælingunum dýpkar á lágviðnámskápuna út frá þessum stöðum. MT-mælingarnar ná sums staðar út fyrir mælisvæði TEM-mælinganna og fylgja þar lágviðnámskápunni niður á meira dýpi.



Mynd 5. Viðnám á 500 m u.s. á Þeistareykjum skv. MT-mælingum (Yu o.fl., 2008b).

Helsti munur á niðurstöðum MT- og TEM-mælinganna er sá að MT-mælingarnar benda til þess að jarðhitasvæðið nái aðeins skemur í suðvesturátt en TEM-mælingarnar gáfu til kynna. TEM-mælingar sýna hátt viðnám undir lágu viðnámi sem yfirleitt er túlkað sem svo að undir sé háhitasvæði, eða hafi verið. MT-mælingarnar sýna hins vegar að á þessu svæði nái þetta háa viðnám lengra niður en annars staðar þar sem háhiti er. Því er líklegt að annaðhvort dýpki fyrr á háhitasvæðið þarna, eða að það hafi kólnað. Á hinn bóginn gefa MT- mælingarnar til kynna jarðhita lengra til norðurs og austurs. Þar eru mælingarnar hins vegar ekki nógu þéttar til að segja til um hvort þarna sé samhangandi jarðhitakerfi. MT- mælingarnar gefa einnig til kynna að á svæðinu norðan við Stórahver gæti verið dýpra niður á jarðhitann.

Á 7–10 km dýpi sér svo í annað lágviðnámslag í MT-mælingunum. Þetta er samsvarandi niðurstöðum MT-mælinga á öðrum háhitasvæðum þar sem þeim hefur verið beitt. Hugmynd manna um þetta lágviðnámslag er sú að þar sé komið í um 700°C hita í gangalagi jarðskorpunnar þar sem séu 100% berggangar. Áhugavert er því að sjá lögun lágviðnámslagsins og eins að sjá hvort það „bungar upp“ á ákveðnum svæðum og gæti þannig bent til hitauppstreymis. Einnig er nauðsynlegt að sjá neðra borð þessa lágviðnámslags til að átta sig á hitastreymi ef mögulegt er.

### 2.2.3 Helstu niðurstöður


Lágviðnámskápan og háviðnámskjarninn úr TEM-mælingunum endurspeгла ummyndun bergsins vegna hita og þar með hitaástandið, að því gefnu að ummyndun sé í jafnvægi við núverandi hitaástand. Lágviðnámskápan umlykur háhitakerfið og

segir til um umfang þess niður á um 800–1000 metra dýpi. MT-mælingarnar mæla lengra niður og geta sagt til um helstu uppstreymissvæði kerfisins.

Við skoðun TEM-mælinganna eru tvö svæði áhugaverðust: ÞeistareykjagrunDIR annars vegar og Stórhver og umhverfi hans hins vegar. Stærð háhitakerfisins er að jafnaði miðuð við það svæði sem lágviðnámskápan umlykur á 800–1000 metra dýpi. Eins og sagt er hér að ofan umlykur lágviðnámskápan það svæði sem er nú, eða hefur náð, 230°C hita. Þeistareykjarsvæðið er samkvæmt þessu um 45 km<sup>2</sup> að stærð. MT-mælingarnar gefa síðan vísbendingar um hvar uppstreymi er í jarðhitakerfið og leiða líkur að því hvort allt kerfið sé heitt eða hvort líklegt sé að einhverjir hlutar þess hafi kólnað.

MT-mælingarnar gefa eftirfarandi niðurstöður (sjá samandregnar niðurstöður viðnámsmælinganna á mynd 6):

- Aðaluppstreymi Þeistareykjakerfisins er eftir NNA-SSV sprungum eða sprungukerfi sem liggur undir ÞeistareykjagrunDum og nær inn undir Bæjarfjall til suðvesturs og í stefnu Ketilfjalls til norðausturs. Þetta er að líkindum sama sprungukerfi og myndar móbergshrygginn Ketilfjall.
- Annað uppstreymissvæði virðist vera eftir sprungukerfi með sömu stefnu en vestar á svæðinu. Uppstreymið virðist ekki vera samfellt heldur eftir minni, skástígum rásum. Sú syðsta er við Stórahver og sprungukerfið teygir sig þaðan til norðausturs.
- Mjög dýpkar á neðra lágviðnámslagið til suðurs og má líta á það sem skörp útmörk þeim megin.




Mynd 6. Samandregnar meginniðurstöður TEM- og MT-viðnámsmælinga á Peistareykjum.




## 2.3 Efnainnihald, yfirborðsvirkni og gashiti

Til eru niðurstöður um gassamsetningu gufu úr gufuaugum á Þeistareykjum frá rúmlega 50 ára tímabili (Svavar Hermannsson og Baldur Líndal, 1951; Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir, 1975; Gestur Gíslason o.fl., 1984; Halldór Ármannsson, 2004) og fyrstu niðurstöður endurtúlkaðar með tilliti til niðurstaðna um vetnis- og súrefnissamsætur (Darling og Ármannsson, 1989). Benda niðurstöðurnar til þess að hiti hafi verið stöðugur í kerfinu allan þann tíma. Á grundvelli niðurstaðna um efnahita hefur svæðinu verið skipt í 5 undirsvæði; A, B, C, D og E (mynd 7) og eru svæði A, C og D talin álitleg til gufuvinnslu. Eftirlit með yfirborðsummerkjum á svæðinu og efnasamsetningu gufu þriggja gufuaugna, eins frá hverju hinna álitlegu svæða, bendir til hugsanlegrar færslu virkni frá Tjarnarási (svæði D) í vestri til Þeistareykjagrunða (svæðis C) austur (mynd 8). Gufustreymi á svæðum C og D virðist truflað af kaldari straumum ofar í jörð en við Ketilfjall virðist það tiltölulega ótruflað. Niðurstöður um vetnis- og súrefnissamsætur bentu til þess að vökvi úr gufuaugum ætti uppruna sinn langt fyrir sunnan svæðið og sennilega langt síðan hann féll sem regn.




Mynd 7. Svæðisskipting jarðhitasvæðisins á Þeistareykjum á grundvelli gassamsetningar gufuaugna (Darling og Ármannsson, 1989).



**Mynd 8.** Breytingar á yfirborðsvirkni á Peistareykjum 1984–1991 (Halldór Ármannsson o.fl., 2000).

Fjallað er stuttlega um efnainnihald vatnssýna sem tekin hafa verið úr djúpu holunum á svæðinu, ÞG-1–ÞG-5, í kafla 2.8 hér á eftir. Mynd 9 dregur saman meginniðurstöður rannsókna á efnainnihaldi og var hún gerð með tilliti til niðurstaðna eftir boranir holna ÞG-1 og ÞG-2 en niðurstöður fyrir síðari holur gefa ekki tilefni til mikilla breytinga á myndinni.




**Mynd 9.** Hugsanlegt rennslisástand á Peistareykjum skv. efnainnihaldi yfirborðsvirkni. Lega sniðs er sýnd á mynd 7.

## 2.4 Rannsóknarborholur

Alls hafa 5 djúpar rannsóknarholur verið boraðar á Peistareykjum frá 2002 (tafla 1). Þrjár holur eru lóðréttar (ÞG-1, ÞG-2 og ÞG-3) en tvær, ÞG-4 og ÞG-5, voru stefnuboraðar (mynd 10). Holur ÞG-1, ÞG-4 og ÞG-5 eru allar boraðar frá sama borteig við rætur Bæjarfjalls norðanmegin. Hóla ÞG-2 er staðsett við suðvestanverðan Tjarnarás en hóla ÞG-3 er undir Ketilfjalli, við veginn um Bóndhólsskarð. Holur ÞG-1, ÞG-4 og ÞG-5 standa þannig við rætur yngsta móbergshöfðsins á Peistareykjum en hóla ÞG-3 við rætur þess elsta (Kristján Sæmundsson, 2007). Hóla ÞG-5 er stefnuboruð í átt að hólu ÞG-2 og sker holuferillinn sniðið undir hvössu horni. Hóla ÞG-4 er hins vegar boruð til SA inn undir Bæjarfjall og út úr sniðinu (mynd 10). Auk þessara djúpu holna var boruð kjarnahóla árið 2007 við Stórahver (ÞR-7; sjá töflu 1 og viðauka 1). Hún var boruð í 458 m dýpi en til stendur að dýpka hana.

**Tafla 1.** Yfirlit yfir rannsóknarborholur á Peistareykjum; númer þeirra í gagnagrunni ÍSOR, hvaða ár borun lauk, hnit, dýpi, fóðringardýpi og mestan hita sem mældur hefur verið í holunum (hóla ÞG-5 ekki búin að ná fullum hita og e.t.v. ekki heldur holur ÞG-4 og ÞR-7).

Hóla	Númer	Ár	X-hnit; Y-hnit [m ISNET93]	Hæð [m]	Dýpi [m]	Fóðring [m]	Hæsti hiti [°C]
ÞG-1	60401	2002	592990; 599033	352	1953	617	332
ÞG-2	60402	2004	592145; 598963	330	1723	617	242
ÞG-3	60403	2006	594146; 599539	400	2659	757	380
ÞG-4	60404	2007	593013; 599041	352	2240	839	320
ÞG-5	60405	2007	593014; 599053	352	1910	847	259
ÞR-7	60367	2007	590672; 610274	310	458	-	140




**Mynd 10.** Staðsetning og lega borholna á Peistareykjum. Raunbrautir holna 4 og 5 sýndar með rauðum ferli og helstu æðar með grænbláum punktum. Auk þess sýnir myndin ummyndun á yfirborði (bleikar og skástrikaðar skellur), gufuaugu (rauðir þríhyrningar) og misgengi (bláar línur).

## 2.5 Jarðlög

Svarfsýnum var safnað meðan á borun holna ÞG-1–ÞG-5 á Peistareykjum stóð. Mikið skoltap var í holu ÞG-2 svo að lítið kom upp af svarfi úr henni. Neðan fóðrunardýpis í holunum skiptast í grófum dráttum á hraunlaga- og móbergssyrpur. Hraunlögin eru flest fín- til meðalkorna basalt en þó er eitthvað um grófkorna basalt. Móbergslögin eru allt frá því að vera mikið ummyndað túff yfir í þetta basaltbreksú. Nokkuð er um innskot með þéttu basalti neðan 2000 m dýpis í holunum.

Á mynd 11 er sett fram mjög einfaldað jarðlagasnið á grundvelli svarfgreininga úr holum ÞG-1–ÞG-5. Sniðið er dregið frá holu ÞG-2 að holu ÞG-1 en fjarlægðin milli þeirra er tæplega 900 m samkvæmt hnitum. Stefna sniðs frá holu ÞG-1 að holu ÞG-2 er  $\sim N265^\circ A$ . Frá ÞG-1 er sniðið dregið í stefnu  $\sim N65^\circ A$  að holu ÞG-3 undir Ketilfjalli.

Fyrsta skrefið við gerð sniðsins fólst í því að einfalda jarðlagasúlur byggðar á svarfgreiningu hverrar holu fyrir sig. Ef eyður voru í svarfgreiningunni, t.d. vegna skoltaps eða mistaka í sýnatöku, var fyllt upp í þær með „aðliggjandi“ berggerðum. Þar sem skiptist á t.d. þunnar breksiur og túfflög, eins og algengt er í móbergsmyndunum, var jarðlagaskipanin einfölduð þannig að algengari berggerð var látin ráða. Þannig voru búnar til tiltölulega þykkar einingar. Dýpi á lagmót var umreiknað úr mældu dýpi í lóðrétt dýpi og viðmiðunin sjávarmál en ekki yfirborð. Þannig má segja að búið sé að rétta af stefnuboruðu holurnar. Farið var yfir niðurstöður jarðlagamælinga (NN og náttúrulegt gamma) og þær samtúlkaðar með svarfgreiningunni.



**Mynd 11.** Jarðlagasútur byggðar á greiningu svarfs úr rannsóknarholum á Þeistareykjum ásamt hugsanlegum tengingum á milli holna.


Jarðlagaskipan í holunum ber upphleðsluháttum glöggt vitni. Þykkar móbergsmýndanir einkenna efsta hluta jarðlagastafans. Skiptast þar á túffmyndanir, breksiur og bólstrabergslög. Það er engan veginn augljóst hvernig rekja má einstakar einingar á milli holna jafnvel þótt þær standi nærri hver annarri. Innskotatíðni eykst með dýpi eins og við er að búast. Á um 800–900 m dýpi undir sjávarmáli (~1150 til ~1300 m frá yfirborði) verður ákveðin breyting (mynd 11) en þar neðan við eru hraunlagasýrpur, oft með þykkum millilögum, meira áberandi.

Við svarfgreiningu fundust nokkrar kísilríkar (súr/ísúr) myndanir (andesít/dasít). Í ÞG-3 fannst ísúrt dul- til meðalkorna berg á um 500 m dýpi (um 100 m.u.s.). Gammamæling staðfestir þessa greiningu. Mögulega má tengja þetta lag við topp í gammamælingu á svipuðu dýpi í holu ÞG-5. Ekki sást þó vísbendingar um súrt eða ísúrt berg í svarfgreiningu. Ekki eru nein merki um sambærileg lög í holum ÞG-1 og ÞG-4, hvorki úr svarfgreiningu eða jarðlagamælingum.


Í holu ÞG-5 eru vísbendingar um kísilríkar myndanir frá 1050–1070 m dýpi undir sjávarmáli. Á svipuðu dýpi, en stærra dýptarbili, eru einnig kísilríkar myndanir í holu ÞG-2, skv. gammamælingum. Líklega er um skyldar myndanir að ræða þó að lögun toppa gefi ekki

tílefni til ákveðinna tenginga. Rétt er þó að benda á það að mælingar gefa ekki heldur tílefni til að spá fyrir um misgengi eða mikla snörun á hugsanlegum brotum milli holna ÞG-5 og ÞG-2. Á þessu dýpi er fjarlægð á milli holna u.þ.b. ~400 m. Almennt verður þó að segja að ekki er unnt að tengja súr/ísúr jarðlög á milli holna. Kann það að stafa af því að slíkar myndanir eru mjög staðbundnar eða að landslag á hverjum tíma hafi ráðið miklu um útbreiðslu þeirra.

Ummyndun á Þeistareykjasvæðinu hefur verið skoðuð vandlega með greiningu á borsvarfi samhliða borun. Steindirnar sýna stigvaxandi hita eftir því sem neðar dregur. Engin merki um kælingu samkvæmt ummyndun hafa komið fram enn sem komið er í vinnsluhlutanum. Á myndum 12 og 13 er ummyndunarhiti borinn saman við mældan hita í holum ÞG-4 og ÞG-5. Þetta eru nokkuð dæmigerðir ferlar niður á rúmlega 2000 m dýpi. Lítið svarf fékkst úr holu ÞG-2, og þar af leiðandi takmarkaðar upplýsingar, en hún er vestast á svæðinu sunnan til í Tjarnarásnum. Jafnframt er hún kaldasta holan.




Mynd 12. Samanburður mælds hita, suðumarkshita og ummyndunarhita í holu ÞG-4.



Mynd 13. Samanburður mælds hita, suðumarkshita og ummyndunarhita í holu ÞG-5.

Þversnið frá vestri til austurs byggt á hitaháðum ummyndunarsteindum er sýnt á mynd 14. Jafnframt eru sýndar jafnhitalínur byggðar á hitamælingum í holunum. Ekki var búið að ljúka við leirgreiningar í holu ÞG-3 en sniðið byggist á steindagreiningu á meðan á borun stóð og nokkrum XRD-greiningum. Ummyndunin sýnir samfellda hitahækkun niður á svæðinu við holu ÞG-1 en við holu ÞG-3 virðist ummyndunin sýna hægari hitnun niður. Enn fremur má bæta því við að ummyndun og mældur hiti í holu ÞG-4 eru mjög sambærileg við sömu breytur í holu ÞG-1 en botn holu ÞG-4 er rúman kílómetra frá holutoppi á láréttu plani í SSA-stefnu. Mikil lekt við holu ÞG-2 var þess valdandi að lítið svarf kom upp og því erfitt að gera samanburð á ummyndun og mældum hita.

Fjallað er um jarðlagagreiningu og ummyndun í holu ÞR-7 í viðauka 1.



**Mynd 14.** Ummyndunarhiti borinn saman við mældan hita í austur-vestur sniði um holur PG-3, PG-1 og PG-2.


## 2.6 Hiti og þrýstingur

Staðsetning rannsóknarholnanna sem boraðar hafa verið á Þeistareykjum er sýnd á myndum 1 og 10 og yfirlit yfir þær birt í töflu 1. Berghiti og upphafsþrýstingur hefur verið áætlaður út frá hita- og þrýstingsmælingum fyrir allar þessar holur. Þó ber þessa að geta að einungis er um bráðabirgðaáætlun að ræða fyrir holu PG-5. Í viðauka 2 eru allir hita- og þrýstingsferlar úr holunum sýndir (sjá einnig upplýsingar úr holu PR-7 í viðauka 1).


Á mynd 15 eru sýnd þversnið í gegnum holur PG-1, PG-2, PG-3 og PG-5 þar sem fram kemur hita- og þrýstingsdreifing á milli holnanna. Hitinn hækkar í átt að miðju sniðinu þar sem hola PG-1 er staðsett en á um 2000 m dýpi er hiti holna PG-1 og PG-3 svipaður. Hitinn í holu PG-2 og í neðri hluta holu PG-5 er mun lægri en hitinn í hinum holunum og getur það verið merki um kælingu frá yfirborði í gegnum sprungukerfið sem sést vel á myndum 1 og 3. Þrýstings-sniðið sýnir lækkun í þrýstingi neðan 1000 m.u.s. í átt að miðju sniðinu þar sem hola PG-1 er staðsett og gefur það til kynna að flæði sé í áttina að holu PG-1 neðan þessara marka. Séu hita- og þrýstingsmælingarnar túlkaðar saman benda þær til þess að um uppstreymi heits vökva geti verið að ræða um miðbik sniðsins rétt austan við holu PG-1.

Á mynd 16 eru sýnd þversnið í gegnum holur PG-1 og PG-4. Hér virðist hitinn hækka í átt að holu PG-4 fyrir ofan 1000 m u.s.m. en er nokkuð svipaður í báðum holum fyrir neðan það dýpi. Hér hækkar hitinn á dýpi meira en 1500 m u.s.m. fyrir neðan holu PG-1 og rennur það stöðum undir að hitastigslækkunin fyrir neðan holu PG-1 á mynd 15 sé oftúlkun. Á þrýstings-sniðinu sjáum við greinilega þrýstingshækkun í átt að holu PG-4. Þessi skarpa þrýstingshækkun stafar að mestu leyti af því að hola PG-4 liggur undir Bæjarfjall.





Mynd 15. Hita- og þrýstingsnið í gegnum holur ÞG-1, ÞG-2, ÞG-3 og ÞG-5 á Þeistareykjum. Hita- og þrýstingsgildi eru metin út frá áætluðum berghita og upphafsþrýstingi í holunum.



Mynd 16. Hita- og þrýstingssnið í gegnum holur PG-1 og PG-4 á Þeistareykjum. Hita- og þrýstingsgildi eru metin út frá áætluðum berghita og upphafsþrýstingi í holunum.

## 2.7 Niðurstöður þrepprófana

Við borlok djúpu holnanna sem boraðar hafa verið á Þeistareykjum hafa verið gerð þreppróf á þeim í þeim tilgangi að meta lekt bergs við þær og tengsl þeirra við jarðhitakerfið. Ádælingarstuðlar hafa verið áætlaðir fyrir allar holurnar en nánari túlkun niðurstaðna þrepprófananna með líkanreikningum hefur ekki verið gerð nema fyrir ÞG-1 og ÞG-4. Nokkrum vandkvæðum er bundið að túlka gögnin sem safnað var í ÞG-5 vegna vandræða með þrýstimæli. Gögnin úr ÞG-2 eru þess eðlis að ómögulegt er að nýta þau til nákvæmara mats á lekt jarðlaga vegna mjög svo hraðrar þrýstijöfnunar á milli þrepa. Tiltækar niðurstöður eru dregnar saman í töflu 2 hér á eftir.

**Tafla 2.** Niðurstöður þrepprófana á djúpum rannsóknarholum á Þeistareykjum (sjá áfangaskýrslur um boranir holnanna í heimildalista; Þorsteinn Egilsson, 2008). Ádælingarstuðull (II, e. „injectivity-index“) =  $\Delta q/\Delta p$ , leiðnistuðull (T, e. „transmissivity“) =  $kh/\mu$ , geymslustuðull (S, e. „storage coefficient“) =  $c_p h$ . Tregðustuðull er „skin-factor“ á ensku.


	ÞG-1	ÞG-2	ÞG-3	ÞG-4	ÞG-5
Ádælingarstuðull (l/s)/bar	4,0	11	3,2 – 4,8	8,0	6,5
Leiðnistuðull ( $10^{-8}$ m <sup>3</sup> /s·Pa)	2,5	-	4,3	6.1	-
Geymslustuðull ( $10^{-8}$ m/Pa)	2,0	-	30	19	-
Tregðustuðull (-)	-1,0	-	-0,2	-1,4	-

## 2.8 Niðurstöður afkastaprófana


Myndir 17–20 sýna helstu niðurstöður blásturs- eða afkastaprófana, holna ÞG-1, 3, 4 og 5 veturinn 2007–2008. Fleiri myndir þessu tengdar eru birtar í viðauka 3 ásamt gögnum úr prófunu holu ÞG-1 árið 2002. Á myndunum sést að mesta heildarrennslið er úr holu ÞG-5 en að hola ÞG-4 er öflugasta holan með um 30 kg/s gufurennslis. Holur ÞG-1, ÞG-3 og ÞG-4 eru allar hávermiholur sem gefa aðallega gufu. Holar ÞG-5 er aflminnsta holan en þó hefur vermi hennar, gufurennslis og toppþrýstingur farið hækkandi í prófuninni, sem staðið hefur síðan í nóvemberlok 2007.

Borholur ÞG-1 og ÞG-4 taka vökva frá svæði C, ÞG-2 og ÞG-5 frá svæði D og ÞG-3 frá svæði B (mynd 7). Holar ÞG-2 á svæði D tekur inn verulegt magn af kaldari vökva (~210°C) ofarlega í kerfinu. Efri hluti holu ÞG-5 er austar og því heitari. Í holum á svæði C kemur fram yfirþrýstingur á um það bil 200 m dýpi. Holar ÞG-3 er tiltölulega ótrufluð af slíku kaldara rennsli. Vegna þessara truflana eru niðurstöður efnahitamæla misvísandi en svo virðist sem 280–300°C hita sé að finna í holum frá svæðum A og C en holar ÞG-2 er mun kaldari. Aðeins hefur verið tekið eitt sýni úr holu ÞG-5 en allt útlit er fyrir að hún hafi ekki verið orðin fullheit þegar það var tekið en fyrstu niðurstöður benda til svipaðs hita og í holu ÞG-2.


Niðurstöður þær sem liggja fyrir um vetnis- og súrefnissamsætur í vökva holnanna benda allar til rennslis langt sunnan að og líklega tiltölulega gamals vatns eins og raunin var um gufu gufuaugnanna. Nokkur súrefnissamsætulífræsla kemur fram og bendir hún til samspils vatns og bergs á leiðinni og því til þess að það hafi verið tiltölulega lengi í snertingu við berg.




Mynd 17. Heildarflæði gufu- og vatnsfasa úr holum PG-1, PG-3, PG-4 og PG-5.



Mynd 18. Flæði gufufasa úr holum PG-1, PG-3, PG-4 og PG-5.



Mynd 19. Heildarvermi úr holum PG-1, PG-3, PG-4 og PG-5.



Mynd 20. Þrýstingur á holutoppum PG-1, PG-3, PG-4 og PG-5.

### 3 Hugmyndalíkan

Umfangsmiklar yfirborðsrannsóknir hafa staðið yfir á Þeistareykjum undanfarin ár auk þess sem 5 djúpar rannsóknarholur hafa verið boraðar. Farið er yfir niðurstöður rannsóknanna í kaflanum hér á undan en samþætting þeirra hefur leitt af sér hugmyndalíkan það af jarðhitakerfinu sem hér er lýst. Hugmyndalíkanið verður í stöðugri uppfærslu á næstu árum eftir því sem frekari gögn og upplýsingar og túlkun þeirra bætast við.

Fjórar af rannsóknarholunum liggja á rúmlega 2 km langri austur-vestur línu. Hóla ÞG-2 er á vesturendanum, hóla ÞG-3 á austurendanum og hóla ÞG-1 um miðbikið. Hóla ÞG-5 er stefnuboruð langleiðina að hólum ÞG-2 frá hólum ÞG-1 og frá sama borteig er hóla ÞG-4 stefnuboruð undir Bæjarfjallið til suð-suðausturs. Langmestu upplýsingarnar um jarðhitakerfið liggja fyrir í sniði eftir ofangreindri austur-vestur línu.


Nokkuð ákveðnar vísbendingar liggja fyrir um hitadreifingu, þrýsting og lekt í þeim hluta kerfisins sem borað hefur verið í. Mest lekt og lægstur hiti er í sprungurein sunnan við Tjarnarás þar sem hóla ÞG-2 var boruð. Þar er áberandi kæling niður á 1500 m dýpi en þar neðan við fer hiti aftur að stíga. Opnar sprungur og gjár eru þar á yfirborði og vitað er með vissu um mjög mikla lekt niður á tæplega 700 m dýpi. Undir Þeistareykjagrundum og norðan til í Bæjarfjalli virðist vera öflugt jarðhitastreymi. Yfirborðsjarðhitinn raðar sér eftir norðlægum sprungukerfum en einnig er hann áberandi á rein sem liggur frá austri til vesturs undir norðanverðu Bæjarfjalli. Það gefur til kynna að þverbrot geti legið þar á megin sprungustefnuna og að lektin sé best þar sem sprungustefnurnar skerast. Gögn úr hólum ÞG-3 benda til þess að undir vestanverðu Ketilfjalli sé berg þétt neðan 1900 m dýpis. Mjög hár hiti neðan þess dýpis gefur til kynna litla sem enga lekt, a.m.k. í næsta nágrenni holunnar.

Mest ber á upphleðslueiningum niður á 1500–2000 m dýpi en þar neðan við er afgerandi aukning í innskotum. Þar má búast við að lekt sé tengd afmörkuðum sprungum.

Niðurstöður TEM- og MT-viðnámsmælinga benda til þess að jarðhitasvæðið á Þeistareykjum sé stórt, eða allt að 45 km<sup>2</sup>, og að aðaluppstreymi kerfisins sé eftir NNA-SSV sprungukerfi norður úr Bæjarfjalli. Önnur veikari uppstreymi virðast liggja eftir öðrum sprungukerfum beggja vegna en viðnámskil benda til þess að svæðið sé afmarkað til suðvesturs. Þessir megindrættir eru sýndir á mynd 6.

Mynd 21 sýnir megindrætti núverandi hugmyndalíkans af jarðhitakerfinu á Þeistareykjum í áðurnefndu austur-vestur sniði frá ÞG-2 til ÞG-3, þar sem mestar upplýsingar eru fyrirliggjandi. Nokkuð gott samræmi virðist þar á milli mismunandi upplýsinga eins og hita, þrýstings, viðnáms (grunnt skv. TEM og dýpra skv. MT) og ummyndunar. Mestar upplýsingar felast þó í tiltækum upplýsingum um hita- og þrýstiástand, sem sýndar eru á myndum 15 og 16. Þær benda til rennislíleiða eins og sýndar eru á mynd 21, þ.e. öflugs uppstreymis nálægt hólum ÞG-1 og tilheyrandi hræringa (lárétt streymi grunnt, bæði til austurs og vesturs, og niðurrennsli eftir kólnun). Gert er ráð fyrir láréttu rennsli bæði til austurs og vestur, öflugum niðurrennsli í sprungubeltinu sem hóla ÞG-2 er boruð í og jafnvel einhverju niðurrennsli austan hólum ÞG-3. Þessi mynd verður þó í stöðugri uppfærslu næstu árin eftir því sem frekari upplýsingar um eðli jarðhitakerfisins bætast við, sérstaklega við frekari boranir.

Vökvinn úr borholunum er mjög hentugur til raforkuvinnslu (að undanskildum lágvermi-vökvanum úr holu PG-2). Vermir þeirra er hátt og því má reikna með að lítið skiljuvatn verði á ferðinni tengt nýtingu þeirra. Efnainnihald vökvans er jafnframt hentugt til vinnslu. Uppleyst efni eru um 1000 ppm og gasstyrkur vel undir 1% í þunga.



**Mynd 21.** Megindrættirnir í hugmyndalíkani Deistareykjakerfisins í austur-vestur sniði um holur PG-2 og 3 en í því sniði liggja mestar upplýsingar fyrir um jarðhitakerfið. Örvarnar sýna líklegar rennislísiðir vatns í sniðinu en til viðbótar við uppstreymið í miðju sniðinu er talið líklegt að streymi sé úr suðri undan Bæjarfjalli og til norðurs eftir sprungukerfinu.

## 4 Jarðvarmamati með rúmmálsaðferð

### 4.1 Fræðilegur grunnur

Veigamesti þátturinn í jarðvarmamati með rúmmálsaðferð er, eins og nafnið gefur til kynna, ákvörðun á rúmmáli þess jarðhitageymis sem um er að ræða. Er þetta rúmmál tekið til einföldunar sem kassi, sem í þessari skýrslu hefur yfirborðsflatarmál  $F$  í  $xy$ -plani og lengd (þykkt)  $z_1 - z_0$  eftir  $z$ -ás, þar sem  $z_1$  og  $z_0$  eru mesta og minnsta dýpi hans.

Þegar rúmmál jarðhitageymis hefur verið metið þarf að ákvarða hvernig skal reikna þann nýtanlega varma sem geymirinn inniheldur. Til einföldunar má gera ráð fyrir að varmarýmd og hitastig sé einsleitt í  $x$ - og  $y$ -stefnu rúmmálsins og einungis háð dýpi þess í  $z$  stefnu. Varmainnihald geymisins má þá reikna með því að heilda yfir varmafall sem er margfeldi af áætlaðri varmarýmd á rúmmálseiningu  $C(z)$  og mismunar áætlaðs hitaferils í því rúmmáli  $T(z)$  og viðmiðunarhitastigs  $T_0$ . Viðmiðunarhitastigið er hitastig þess ástands sem byrjað er að summa varmann upp frá. Það getur verið útilhitastig, lágmarkshiti á nýtanlegum vökva í virkjunum, alkul o.s.frv. Við val á  $T_0$  er miðað við hvernig reikna á nýtanlega orku út frá varmanum. Við fáum því að jarðhitageymirinn inniheldur varmann

$$Q = F \int_{z_0}^{z_1} C(z) [T(z) - T_0] dz. \quad (1)$$

Ekki er hægt að ná upp nema hluta af þessum heildarvarma kerfisins og er því skilgreindur svokallaður varmaheimtustuðull,  $R$ , sem er hlutfall þess varma sem menn telja sig geta náð upp af heildarvarma kerfisins eða

$$Q_H = RQ. \quad (2)$$

Varma samkvæmt jöfnu 1 er hægt að reikna á tvennan hátt. Annars vegar með að heilda yfir hitastigsferil og hins vegar með að gera ráð fyrir einsleitu hitastigi yfir allan jarðhitageyminn sem er þá einhverskonar meðalhitastig samkvæmt áætluðum hitaferli. Verður fyrri aðferðin notuð hér. Ef til er áætlaður þrýstingsferill sem fall af dýpi fyrir jarðhitageyminn er hægt að nota þau gögn, ásamt áætluðum hitaferli, til að finna jöfnu fyrir varmarýmd vatnsins í rúmmálinu sem fall af dýpi (The International Association for the Properties of Water and Steam, 2007). Sú leið gerir heildunina mun flóknari. Algengara er skipta rúmmálinu upp í lög og gera ráð fyrir því að varmarýmd bergs og vatns sé fasti fyrir hvert lag. Til einföldunar gerum við ráð fyrir einu votu lagi. Varmarýmd á rúmmálseiningu í því lagi er hægt að nálga sem

$$C = s_B(1 - \phi)\rho_B + s_v\phi\rho_v, \quad (3)$$

þar sem  $s_B$  og  $s_v$  eru eðlisvarmi bergs og vatns,  $\rho_B$  og  $\rho_v$  eðlismassi bergs og vatns og  $\phi$  poruhluti bergsins. Hentugt er að gera ráð fyrir því að hitastigsferill fylgi hlutfalli af suðumarksferli (James, 1970) þ.e.a.s.

$$T(z) = x \cdot 69,56(z + z_{Delta})^{0,2085}. \quad (4)$$

Hér er  $x$  hlutfall af suðumarksferli,  $z_{Delta}$  hliðrunargildi sem gefur jaðarskilyrði á hita  $T_{z_0}$  í  $z_0$ . Við getum skrifað heildarheimtanlega jarðvarma skv. jöfnu 2 sem

$$\begin{aligned} Q_H &= RFC \int_{z_0}^{z_1} [T(z) - T_0] dz \\ &= RFC \left[ x \frac{69,56}{1,2085} \{ (z_1 + z_{Delta})^{1,2085} - (z_0 + z_{Delta})^{1,2085} \} - T_0(z_1 - z_0) \right]. \end{aligned} \quad (5)$$



Af heimtanlegum varma er einungis hluti nýtanlegur í raforkuvinnslu. Hægt er að fara nokkrar mismunandi leiðir til að meta hve stórt þetta hlutfall er af heildarvarmanum. Einfaldasta leiðin til að meta nýtni varmans til raforkuframléiðslu er að gefa sér einhverja eina meðalnýtni  $\bar{\eta}_e$  á allan varma jarðhitavökvans. Þessi meðalnýtni getur annars vegar verið byggð á reynslu manna af nýtingu jarðhitasvæða eða leidd út. Þetta gefur okkur heildar nýtanlega raforku upp á

$$Q_e = \bar{\eta}_e Q_H \quad (6)$$

og rafafll upp á

$$P = \frac{Q_e}{t}, \quad (7)$$

þar sem  $t$  er tímabilið sem þessi heildarraforka yrði framleidd (mælt í sekúndum).

## 4.2 Monte Carlo reikningar

Þar sem oft ríkir óvissa um gildi þeirra breyta sem nota á í reikningum rúmmálsaðferðarinnar er gott að skilgreina líkindadreifingu fyrir breytturnar. Með því að velja handahófskennt gildin á breytunum úr líkindadreifingum þeirra er hægt að reikna eina mögulega handahófskennda útkomu (slembiútkomu) úr jarðvarmamatinu. Ef þessir reikningar eru svo endurteknir fást mismunandi mögulegar útkomur sem mynda strjála líkindadreifingu fyrir útkomu varmamatsins (Schreider, 1964). Er þessi reikniaðferð oft kennd við Monte Carlo spilavítið en á þeirri stofnun viðgengst svipuð aðferð við útdeilingu á fjármunum.

Líkindadreifingu þessa má reikna með því að skipta heildarbili af mögulegum útkomum í einhvern fjölda af jafnstórum hlutbilum. Líkindi þess að raunverulega útkoman sé innan ákveðins hlutbils má finna með því að telja saman þær útkomur sem falla innan þess hlutbils og finna hlutfall þeirra útkomna miðað við heildarfjölda útkomna.

Út frá strjálí líkindadreifingu á útkomu jarðvarmamatsins fæst tækifæri til að meta fyrir ákveðin líkindi innan hvaða bils raunveruleg útkoma ætti að falla.

## 4.3 Ákvörðun á breytum fyrir reikninga

Ætlunin er að reikna út varmaforða og nýtanlega raforku Þeistareykjasvæðisins með rúmmálsaðferðinni sem fjallað var um í kafla 4.2. Til þess er nauðsynlegt að ákvarða eftirfarandi breytur og stærðir:

1. Yfirborðsflatarmál svæðisins,  $F$ .
2. Þykkt rúmmáls,  $b = z_1 - z_0$ .
3. Poruhluta bergs,  $\phi$ .
4. Varmarýmd jarðhitageymisins,  $C$ .
5. Berghita í jarðhitageyminum,  $T(z)$ .
6. Varmaheimtustuðul,  $R$ .
7. Viðmiðunarhita,  $T_0$ .
8. Nýtnistuðul,  $\bar{\eta}_e$ .

Við kvörðun stærðanna er tekið mið af þeim hugmyndum sem koma fram í kafla 2 sem fjallar um gerð og eðli jarðhitakerfisins. Yfirlit yfir þær breytur sem notaðar eru í útreikningunum má finna í töflu 3.

#### 4.3.1 Yfirborðsflatarmál

Samkvæmt viðnámsmælingum með TEM-aðferð er stærð háhitasvæðisins umhverfis Þeistareyki allt að 45 km<sup>2</sup>. Tilvist háhitakerfis undir Þeistareykjagrundum hefur verið staðfest með 5 rannsóknarholum sem allar sýna hita yfir 240°C. Merki um jarðhita eru útbreiddust á sama svæði en ummerkin sem sjást á yfirborði ná alls yfir um 11 km<sup>2</sup> stórt svæði (Darling og Ármannsson, 1989; Gestur Gíslason o.fl., 1984). Líklegt verður að teljast að jarðhitakerfið nái yfir stærra svæði. Í reikningunum er hámarksstærð svæðisins 45 km<sup>2</sup>, lágmarkstærð 10 km<sup>2</sup> en líklegasta gildið er meðaltal þessara stærða, 27,5 km<sup>2</sup>. Til samanburðar er stærð svæðisins metin 19 km<sup>2</sup> í jarðvarmamatinu frá 1985 en það er sú stærð sem TEM-mælingar á þeim tíma bentu til. Líkindadreifing fyrir yfirborðsflatarmál sem fæst með þessum gildum er sýnd á mynd 23.

#### 4.3.2 Þykkt

Vinnsluholur á háhitasvæðum á Íslandi eru oft á bilinu 2–2,5 km djúpar. Af þeim holum sem boraðar hafa verið á Þeistareykjum er hola ÞG-3 dýpst og nær hún á 2659 m dýpi. Í reikningunum er aðeins gert ráð fyrir einu lagi og er þykkt jarðhitageymisins látin vera 3000 m.

#### 4.3.3 Poruhluti bergs


Samkvæmt jarðlagamælingum í holum á svæðinu skiptast á hraunlaga- og móbergssyrpur fyrir neðan fóðringardýpi í þeim. Hraunlögin eru flest fín- og meðalkornótt basalt en lítið um grófkorna basalt. Má því gera ráð fyrir að poruhluti hraunlaganna sé á bilinu 5–15% (Svanur Pálsson o.fl., 1984). Breytileiki er meiri í gerð móbergsins og getur poruhlutinn verið frá 15% allt upp í 45%. Í reikningunum er gert ráð fyrir að poruhlutinn breytist eftir þríhyrningsdreifingu þar sem lágmarksgildi er 5%, hámarksgildi 25% og líklegasta gildi 10%. Líkindadreifing fyrir poruhluta sem fæst með þessum gildum er sýnd á mynd 24.

#### 4.3.4 Varmarýmd

Varmarýmd er almennt reiknuð með jöfnunni  $C = s\rho$ , þar sem  $s$  er eðlisvarmi og  $\rho$  er eðlismassi. Í útreikningunum er aðeins gert ráð fyrir vinnanlegum varma í því lagi sem hægt er að ná vökva upp úr. Varmarýmdin í þessu lagi er gefin með jöfnu 3. Til að einfalda útreikninga er aðeins gert ráð fyrir að poruhlutinn sé líkindadreifður en að hinar breytur séu fastar. Líkindadreifing fyrir poruhluta sést á mynd 24. Gert er ráð fyrir að eðlisvarmi bergs sé 880 kJ/(kg°C) og eðlismassi bergs sé 3000 kg/m<sup>3</sup>. Við 280°C hitastig og 100 bara þrýsting er eðlisvarmi vatns um 5200 J/(kg°C) og eðlismassinn um 760 kg/m<sup>3</sup> en þetta eru gildi berghita- og upphafsþrýstingsferla í holum ÞG-1, ÞG-2 og ÞG-3 á rúmlega 1000 m dýpi. Í jarðvarmamati frá 1985 eru sömu gildi notuð fyrir berg en fyrir vatn eru gildin 4190 J/(kg°C) og 1000 kg/m<sup>3</sup>. Stærðin  $s_v\rho_v$  er í báðum tilvikum mjög svipuð.

### 4.3.5 Berghiti

Í útreikningunum er aðeins gert ráð fyrir vinnanlegum varma í því lagi sem hægt er að ná vökva upp úr. Gert er ráð fyrir að hitastig í þessu lagi sé hægt að nálgast með jöfnu sem lýsir suðuferli. Berghitinn í laginu er því gefinn með jöfnu 4. Þar táknar  $x$  hlutfall berghita og suðuferils, eða hversu nálægt suðuferli hitinn er. Ef  $x = 1$  fylgir ferillinn suðuferli en ef  $x = 0,8$  er ferillinn 80% af suðuferli. Mynd 22 sýnir berghita í holunum ásamt  $T(z)$  fyrir nokkur gildi á  $x$  og 5 °C upphafshita. Á myndinni sést að holur ÞG-1 og ÞG-4 eru heitastar af holunum. Fylgir ÞG-1 teiknuðum suðuferli allvel og skýrast frávik af því að upphafshiti í ÞG-1 er hærra en 5°C. Hitaferillinn í ÞG-4 er tvískiptur og fylgir efri hlutinn suðuferli allvel en sá neðri er nokkuð fyrir ofan. Það má skýra með því að ÞG-4 er boruð undir fjall og er því neðri hluti holunnar undir meiri þrýstingi en sá efri. Hóla ÞG-3 fylgir einnig suðuferli niður á um 700 m og er kaldari frá 700–2000 m en fylgir aftur suðuferli frá 2000 m. Á bilinu 700 til 2000 m er hitaferillinn á milli 90 og 100% af suðuferli. Hóla ÞG-2 er köldust af holunum þremur. Hitaferillinn fylgir suðuferli fyrstu 400 m en kólnar svo á bilinu 500–1500 m. Neðan 600 m er hiti í holunni á milli 70 og 80% af suðuferli. Hitaferill hólunnar ÞG-5 er bráðabirgða túlkun þegar þessi skýrsla er rituð. Niður að 770 m dýpi virðist hún ætla að fylgja suðuferli líkt og hóla ÞG-1 gerir. Undir 770 m dýpi kólnar hólann og virðist ætla að ná svipuðu botnhitastigi og ÞG-2. Þegar tekið er tillit til gagnanna úr borholunum þykir rétt að láta  $x$  ganga frá 0,7 upp í 1,0 í útreikningunum. Líklegasta gildi er þó tekið sem 0,9 þar sem bæði ÞG-1, ÞG-3 og ÞG-4 eru að mestu ofan þeirra marka. Í jarðvarmamatinu frá 1985 er sama jafna fyrir berghita notuð og fyrir Þeistareyki er  $x = 0,8$ . Sú líkindadreifing sem fæst fyrir  $x$  með þessum gildum er sýnd á mynd 25.



**Mynd 22.** Berghiti í holum PG-1, PG-2, PG-3, PG-4 og PG-5 á Peistareykjum. Heilu svörtu línurnar sýna hitaferla sem fengnir eru með jöfnu 4 miðað við 5°C upphafshita.


#### 4.3.6 Varmaheimtustuðull

Varmaheimtustuðull er skilgreindur sem hlutfall milli þess varma sem hægt er að ná upp úr borholum og heildarvarma jarðhitakerfisins. Poruhluti og lekt hefur mest áhrif á varmaheimtuna. Oftast er þessum stuðli gefin gildi frá 0,1 upp í 0,25. Muffler (1978) setti fram línulegt samband milli varmaheimtustuðuls og poruhluta og samkvæmt því samsvarar poruhlutinn 0,10, sem oft er metinn sem meðalporuhluti gosbergs á Íslandi, til varmaheimtustuðuls 0,25. Almennt er talið að lekt í jarðhitakerfum á Íslandi ráðist fyrst og fremst af sprungum, fjölda þeirra, dreifingu og stærð en ekki af poruhluta bergsins. Í nýlegri grein eftir Williams (2007) eru tvö líkön af sprungudreifingu borin saman. Annars vegar líkan þar sem sprungur eru reglulega dreifðar og hins vegar líkan þar sem sprungur hafa slembna dreifingu (*e. self-similar distribution*). Fyrir bil á milli sprungna frá 250 m og niður í 30 m gefa líkönin varmaheimtustuðul sem annars vegar er á milli 2 og 25% (regluleg dreifing) og hins vegar á milli 8 og 20% (slembidreifing). Ólíklegt er að sprungudreifing sé fullkomlega regluleg og í reikningunum er gert ráð fyrir að varmaheimtan sé á bilinu 10–20% með líklegast gildi 15%. Líkindadreifing fyrir varmaheimtustuðul skv. þessum gildum er sýnd á mynd 26.


Til samanburðar má geta að í jarðvarmamatinu frá 1985 er gert ráð fyrir að varmaheimtan sé 20%. Samanburður á niðurstöðum þess og niðurstöðum hermireikninga fyrir nokkur háhitasvæði á Íslandi hefur leitt í ljós að afl fengið með hermireikningum er 4–5 sinnum minna en í rúmmálsreikningum (Ásgrímur Guðmundsson, 2007; Benedikt Steingrímsson o.fl., 1991). Er það einkum rakið til þess að í rúmmálsreikningunum er gert ráð fyrir 20% varmaheimtu en hermireikningar sýni að hún geti hugsanlega verið 5–10%. Þó að niðurstöður hermireikninga bendi til að varmaheimtan geti verið allt niður í 5% var ákveðið að styðjast við líkan Williams (2007) í þeim útreikningum sem þessi skýrsla fjallar um.

#### 4.3.7 Viðmiðunarhiti og nýtnistuðull


Hægt er að virkja varma úr vökva sem er yfir ákveðnu viðmiðunarhitastigi,  $T_0$ . Á Íslandi er meðalárshiti á 2 m dýpi um 5°C og er heimtanlegur varmi reiknaður út frá þessu gildi auk gildis sem fæst með að gera ráð fyrir ákveðnum toppþrýstingi á vinnsluholu. Jarðvarma-virkjanir vinna við ákveðinn þrýsting á vinnsluholum og getur þetta gildi verið mismunandi eftir því hvaða tækni virkjanirnar notast við. Algengt er að toppþrýstingur á vinnsluholum sé um 9 bör en á suðuferli gefur hann hitastig um 180°C. Í útreikningum á tæknilega nýtanlegum varma er þetta gildi því notað. Ekki er hægt að breyta allri þeirri varmaorku sem fæst fyrir hitabilið  $T - T_0$  í raforku. Almennt er nýtni virkjana til raforkuframleiðslu talin vera á bilinu 10–15% en hún fer eftir því hvert hitabilið  $T - T_0$  er. Í jarðvarmamatinu frá 1985 er nýtnin áætluð 8% en þar er viðmiðunarhitinn 130°C. Þar sem hér er notaður nokkuð hærri viðmiðunarhiti er reiknað með að nýtnin sé 13%.




**Mynd 23.** Slembigildi úr líkindadreifingu á yfirborðsflatarmáli safnað í 80 hlutbil.



**Mynd 25.** Slembigildi úr líkindadreifingu á fráviki frá suðuferli safnað í 80 hlutbil.



**Mynd 24.** Slembigildi úr líkindadreifingu á poruhluta safnað í 80 hlutbil.



**Mynd 26.** Slembigildi úr líkindadreifingu á varmaheimtustuðli safnað í 80 hlutbil.

## 4.4 Niðurstöður

Reiknað hefur verið jarðvarmamát fyrir heimtanlegan varma (jafna 5) úr jarðhitakerfinu á Þeistareykjum. Inniheldur þetta mat niðurstöður fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta kerfisins sem er heitari en 5 °C annars vegar og heitari en 180 °C hins vegar. Út frá þeim varma sem svarar til hærri hita en 180 °C er reiknuð raforkuvinnslugeta kerfisins til 30 ára, 50 ára og 100 ára (jafna 7). Niðurstöður eru lagðar fram sem líkindakúrfur er samanstanda af 500.000 slembiútkomum sem safnað er í 80 hlutbil. Út frá þessum slembiútkomum eru dregnar saman ýmsar tölfræðilegar upplýsingar. Þar á meðal er líklegasta gildið á hverri kúrfu, 90% öryggisbil, 90% mörk uppsafnaðra slembiútkomna, meðaltal slembiútkomnanna, miðgildi útkomnanna og staðalfrávik þeirra. Eðlilegast er að líta á 90% öryggisbilin sem markverðustu niðurstöðurnar. Þau segja okkur að 90% líkur séu á því að raunveruleg útkoma liggi innan marka öryggisbilsins. Aðrar markverðar upplýsingar eru 90% mörk uppsafnaðra slembipunkta. Segja þessi mörk að 90% líkur séu á því að raunveruleg útkoma liggi fyrir ofan mörkin.

Á myndum 27 og 28 og í töflu 4 ber að líta hver hugsanlegur heimtanlegur jarðvarmi sé úr þeim hluta jarðhitageymisins sem er heitari en 5°C. Kemur þar fram að 90% líkur eru á því að sá hluti jarðvarmaforðans sé á bilinu frá 4,12 EJ (exajúl = 10<sup>18</sup>J) og upp í 12,16 EJ og að 90% líkur eru á því að þessi hluti jarðvarmaforðans sé meiri en 4,94 EJ. Líklegast gildið er 7,73 EJ


með líkur upp á 3,4%. Sá hluti jarðvarmaforðans sem er heitari en 180 °C hefur samkvæmt niðurstöðum sýndum á mynd 29 og í töflu 5, 90% líkur á því að vera á bilinu frá 1,46 EJ og upp í 4,54 EJ og samkvæmt mynd 30 eru 90% líkur á því að þessi hluti jarðvarmaforðans sé meiri en 1,79 EJ. Líklegasta gildið er 2,61 EJ með 3,7% líkum.

**Tafla 3.** Yfirlit yfir breytur sem notaðar eru við útreikning á varmaforða og rafaflí þeistareykja.


<i>Nafn breytu</i>	<i>Breyta</i>	<i>Tegund/tilvísun</i>	<i>Lægsta gildi</i>	<i>Líklegasta gildi</i>	<i>Hæsta gildi</i>
Heildarvarmi	$Q$	jafna 5			
Yfirborðsflatarmál	$F$	líkindadreifing	10 km <sup>2</sup>	27,5 km <sup>2</sup>	45 km <sup>2</sup>
Varmarýmnd	$C$	jafna 3			
Eðlisvarmi vatns	$s_v$	fasti		5200 J/(kg°C)	
Eðlisvarmi bergs	$s_B$	fasti		880 J/(kg°C)	
Eðlismassi vatns	$\rho_v$	fasti		760 kg/m <sup>3</sup>	
Eðlismassi bergs	$\rho_B$	fasti		3000 kg/m <sup>3</sup>	
Poruhluti	$\Phi$	líkindadreifing	0,05	0,10	0,25
Hitastig	$T(z)$	jafna 4			
Viðmiðunarhiti	$T_{Ref}$	fasti		5°C/180°C	
Hlutfall af suðuferli	$X$	líkindadreifing	0,8	0,9	1,0
Dýptarmörk	$z_0/z_1=z_2$	fastar		0 m/3000 m	
Rafafl	$P_e$	jafna 7			
Varmaheimtustuðull	$R$	líkindadreifing	0,10	0,15	0,20
Nýtingarstuðull	$\eta_e$	fasti		0,13	
Nýtingartími	$T$	fasti		30 ár/50 ár/100 ár	

Á myndum 31 og 32 og töflu 6 má sjá hversu mikið rafafl væri hægt að framleiða úr þess hluta jarðhitageymisins sem er heitari en 180°C miðað við 13% raforkunýtingu. Tekið er dæmi um framleiðslu til 30, 50 og 100 ára. Ef jarðvarminn er nýttur á 30 árum er 90% öryggisbil fyrir að rafaflíð sé á bilinu frá 191 MW<sub>e</sub> og upp í 622 MW<sub>e</sub> og 90% líkur á því að rafaflíð sé meira en 241 MW<sub>e</sub>. Ef miðað er við 50 ára nýtingu verður öryggisbilið frá 115 MW<sub>e</sub> og upp í 373 MW<sub>e</sub> og 90% líkur á því að rafaflíð sé meira en 145 MW<sub>e</sub>. Að lokum, ef miðað er við 100 ára nýtingu, fæst að 90% öryggisbilið er frá 57 MW<sub>e</sub> upp í 187 MW<sub>e</sub> og 90% líkur á því að rafaflíð sé meira en 72 MW<sub>e</sub>.

Í jarðvarmamati frá 1985 er heimtanlegur varmi úr þeim hluta jarðhitageymisins sem er heitari en 130°C metinn 2,9 EJ. Inn í það gildi hefur verið tekinn aðgengileiki upp á 80% af heildarsvæði og varmaheimtustuðull upp á 20%. Þar er rafafl miðað við nýtingartíma upp á 50 ár metið upp á 150 MW<sub>e</sub> miðað við nýtingu í virkjun upp á 8%.



**Mynd 27.** Líkindadreifing fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 5°C. Tölfræðilegar upplýsingar um dreifinguna má sjá í töflu 4.




**Mynd 28.** Uppsöfnuð líkindi fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 5°C. Hæð hvers stöþuls segir til um hversu líklegt er að útkoman sé á því hlutbil sem stöþullinn svarar til, eða fyrir ofan það. Í töflu 4 má sjá efri mörk hlutbils þess stöþuls sem er hærri en 90%.




**Tafla 4.** Gildi á tölfræðilegum stærðum fyrir líkindadreifingu heimtalegs varma fyrir hitastig yfir 5°C.

Tölfræðistærðir	Gildi [ EJ ]
Líklegasta gildið	7,73 (3,4% líkur)
90% öryggisbil	4,12-12,16
Meðaltal	7,95
Miðgildi	7,80
Staðalfrávik	2,39
90% mörk	4.94




**Mynd 29.** Líkindadreifing fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 180°C. Tölfræðilegar upplýsingar um dreifinguna má sjá í töflu 5.




**Mynd 30.** Uppsöfnuð líkindi fyrir heimtanlegan varma úr þeim hluta áætlaðs jarðhitageymis Þeistareykja sem er heitari en 180°C. Hæð hvers stöþuls segir til um hversu líklegt er að útkoman sé á því hlutbili sem stöþullinn svarar til, eða fyrir ofan það. Í töflu 5 má sjá efri mörk hlutbils síðasta stöþulsins sem er hærri en 90%.

**Tafla 5.** Gildi á tölfræðilegum stærðum fyrir líkindadreifingu heimtanlegs varma fyrir hitastig yfir 180°C.

Tölfræðistærðir	Gildi [ EJ ]
Líklegasta gildið	2,61 (3,7% líkur)
90% öryggisbil	1,46-4,54
Meðaltal	2,84
Miðgildi	2,76
Staðalfrávik	0,93
90% mörk	1,79



**Mynd 31.** Líkindadreifing fyrir rafafli úr áætluðum jarðhitageymi á Þeistareykjum til 30, 50 og 100 ára. Tölfræðilegar upplýsingar um dreifinguna má sjá í töflu 6.



**Mynd 32** Uppsöfnuð líkindi fyrir rafafli úr áætluðum jarðhitageymi á Þeistareykjum til 30, 50 og 100 ára. Hæð hvers stöps segir til um hversu líklegt er að útkoman sé á því hlutbili sem stöpullinn svarar til, eða ofan þess. Í töflu 6 má sjá efri mörk hlutbils síðasta stöpsuls sem er hærri en 90%.

**Tafla 6.** Gildi á tölfræðilegum stærðum fyrir líkindadreifinguna fyrir rafafli úr áætluðum jarðhitageymi á Þeistareykjum til 30, 50 og 100 ára.

<b>Tölfræðistærðir</b>	<b>Gildi [ MWe ] (til 30 ára)</b>	<b>Gildi [ MWe ] (til 50 ára)</b>	<b>Gildi [ MWe ] (til 100 ára)</b>
Líklegasta gildið	348 (3,7% líkur)	209 (3,7% líkur)	104 (3,7% líkur)
90% öryggisbil	191-622	115-373	57-187
Meðaltal	391	235	117
Miðgildi	380	228	114
Staðalfrávik	127	76	38
90% mörk	241	145	72

## 5 Lokaorð

Í skýrslunni hefur verið farið yfir niðurstöður umfangsmikilla yfirborðsrannsóknna og borana á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum. Samþætting þeirra hefur leitt af sér hugmyndalíkan af jarðhitakerfinu. Mestar upplýsingar um jarðhitakerfið eru tiltækar á stuttu austur-vestur sniði norðan Bæjarfjalls frá holu ÞG-2 í vestri til holu ÞG-3 í austri. Mest lekt og lægstur hiti er í sprungurein með opnar sprungur og gjár sunnan við Tjarnarás (hola ÞG-2). Undir Þeistareykjagrundum og norðan til í Bæjarfjalli virðist aftur á móti vera öflugt jarðhitauppstreymi, sem tengist bæði norðlægum sprungukerfum og austur-vestur sprungurein undir norðanverðu Bæjarfjalli. Líklegt er að lektin sé best þar sem sprungustefnurnar skerast. Undir vestanverðu Ketilfjalli virðist bergið þétt neðan 1900 m dýpis (ÞG-3) en þar er mjög hár hiti. Niðurstöður TEM- og MT-viðnámsmælinga benda til þess að jarðhitasvæðið á Þeistareykjum sé stórt, eða allt að 45 km<sup>2</sup>, og að aðaluppstreymi kerfisins sé eftir NNA-SSV sprungukerfi norður úr Bæjarfjalli. Önnur veikari uppstreymi virðast liggja eftir öðrum sprungukerfum beggja vegna en viðnámskil benda til þess að svæðið sé afmarkað suðvestan Bæjarfjalls. Á grundvelli fyrirbyggjandi niðurstaðna hafa auk þess verið gerðar tillögur um staðsetningu borteiga á svæðinu (Ásgrímur Guðmundsson o.fl., 2008).

Í framhaldinu verður hugmyndalíkan þetta grundvöllur reiknilíkans sem ætlunin er að setja upp til að meta framleiðslugetu Þeistareykjasvæðisins og viðbrögð þess við vinnslu. Við þróun reiknilíkansins er gert ráð fyrir að nota *TOUGH2/iTOUGH2* tölvuforritin. Hafa verður í huga að núverandi hugmyndalíkan byggist á frekar takmörkuðum gögnum, nákvæmstu upplýsingarnar eru tiltækar í rúmlega 2 km löngu sniði. Hugmyndalíkanið og reiknilíkanið munu saman verða í stöðugri upp færslu á næstu árum eftir því sem frekari rannsóknarniðurstaðna verður aflað, einkum með borunum.

Vökvinn úr borholunum sem boraðar hafa verið er mjög hentugur til raforkuvinnslu (að undanskilinni holu ÞG-2). Vermir þeirra er hátt og því má reikna með að lítið skiljuvatn verði á ferðinni tengt nýtingu þeirra. Efnainnihald vökvans er jafnframt hentugt til vinnslu. Uppleyst efni eru um 1000 ppm og gasstyrkur vel undir 1% í þunga.

Nýtingarmöguleikar jarðhitasvæðisins á Þeistareykjum hafa jafnframt verið metnir með því að gera nýtt jarðvarmamát með rúmmálsaðferð og það útfært með Monte Carlo aðferð til að fá líkindadreifingu fyrir útkomu matsins. eru niðurstöðurnar svohljóðandi:

1. Áætlað er að 90% líkur séu á því að heimtanlegur jarðvarmi úr jarðhitageyminum, miðað við 5°C viðmiðunarhita, sé meiri en 4,94 EJ (exajúl =10<sup>18</sup>J) og 90% öryggisbil fyrir það mat er frá 4,12 EJ upp í 12,16 EJ.
2. Áætlað er að 90% líkur séu á því að heimtanlegur jarðvarmi úr jarðhitageyminum, miðað við 180°C viðmiðunarhita, sé meiri en 1,79 EJ og 90% öryggisbil fyrir það mat er frá 1,46 EJ upp í 4,54 EJ.
3. Verði sá hluti jarðvarmaforðans sem er heitari en 180°C nýttur til raforkuframleiðslu til 30 ára eru 90% líkur á því að virkjanlegt rafafli sé meira en 241 MW<sub>e</sub> og 90% öryggisbili fyrir rafaflið er frá 191 MW<sub>e</sub> og upp í 622 MW<sub>e</sub>.
4. Verði þessi hluti jarðvarmaforðans nýttur til raforkuframleiðslu til 50 ára eru 90% líkur á að virkjanlegt rafafli verði meira en 145 MW<sub>e</sub> og 90% öryggisbil fyrir rafaflið er frá 115 MW<sub>e</sub> og upp í 373 MW<sub>e</sub>.

5. Verði þessi hluti jarðvarmaforðans nýttur til raforkuframleiðslu til 100 ára eru 90% líkur á að virkjanlegt rafafli verði meira en 72 MWe og 90% öryggisbil fyrir rafaflið er frá 57 MWe og upp í 187 MWe.

Hér spanna spágildi fyrir hugsanlega nýtingu nokkuð víð bil. Kemur það að töluverðu leyti til vegna þeirrar miklu óvissu sem er í yfirborðsflatarmáli svæðisins en það er á bilinu frá 10 upp í 45 km<sup>2</sup>. Einnig er reiknað með varmaheimtustuðli á bilinu 10–20%. Til að þrengja bilið á hugsanlegu yfirborðsflatamáli verður að afla frekari upplýsinga um svæðið, m.a. bora fleiri borholur og mæla viðbrögð þess við vinnslu.

Í jarðvarmamati fyrir Ísland frá 1985 er heimtanlegur jarðvarmaforði úr jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum til raforkuframleiðslu áætlaður 2,9 EJ (Guðmundur Pálmason o.fl., 1985). Þetta er sá hluti jarðvarmans sem er heitari en 130°C en í þessari skýrslu er viðmiðunarhitastigið hærra þ.e. 180°C og gefur það líklegasta gildi 2,61 EJ. Í jarðvarmamatinu frá 1985 er aðeins gert ráð fyrir að 80% jarðvarmans á svæðinu séu aðgengileg. Með tilkomu stefnuborana á þetta ekki lengur við og í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að aðgengileikinn sé 100%. Í gamla jarðvarmamatinu er einnig notaður varmaheimtustuðull upp á 20% en hér er notaður líkindadreifður stuðull með dreifingu milli 10 og 20%. Líkön með slembidreifðri sprungu-dreifingu benda til þess að varmaheimtustuðull sé á þessu bili.

Í jarðvarmamatinu frá 1985 er rafafli miðað við nýtingartíma í 50 ár metið upp á 150 MWe miðað við 8% nýtingu í virkjun en í niðurstöðum þessarar skýrslu er það metið vera á bilinu frá 115 MWe og upp í 373 MWe miðað við 13% nýtingu í virkjun. Í seinna tilvikinu er viðmiðunarhiti 180°C borinn saman við 130°C í því fyrra og er þess vegna gert ráð fyrir betri nýtingu. Í nýja jarðvarmamatinu hefur mikil áhersla verið lögð á að ákvarða þær breytur sem lúta að gerð og eðli jarðhitakerfisins. Skoða mætti betur samspil viðmiðunarhitastigs og nýtni til raforkuframleiðslu en báðir þessir þættir hafa mikil áhrif á spár um hugsanlega nýtingu Þeistareykjasvæðisins.

Ofangreindar niðurstöður má bera saman við mat Halldórs Ármannssonar (2001) á náttúrulegu varmastreymi frá jarðhitakerfinu á Þeistareykjum. Þar er það metið á grundvelli áætlaðs rennslis í Lón í Öxarfirði en það er talið að mestu leyti frá Þeistareykjum runnið, og umframhita þess. Þannig fæst að náttúrulegt varmaafli svæðisins sé um 300 MW. Við þetta má bæta varmatapi til yfirborðs á sjálfu jarðhitasvæðinu sem má áætla gróflega að sé um 50 MW, eða samtals um 350 MW. Hér er jafnvel um vanmat að ræða. Ekki er hægt að bera þessa tölu beint saman við niðurstöður rúmmáls matsins því varmaafli skv. náttúrulegu varmaflæði tekur ekki tillit til varmaforðans í jarðhitakerfinu, rúmmálsmat byggist hins vegar eingöngu á varmaforðanum. Skv. rúmmálsmatinu (liður 1. hér á undan) eru 90% líkur á því að varmaafli Þeistareykjasvæðisins til 100 ára sé meira en 1600 MW. Þetta er tæplega 5 sinnum meira en náttúrulega varmaaflið. Í þessu sambandi má benda á að reynslan af nýtingu margra jarðhitakerfa er einmitt sú að vinnslugeta þeirra sé margfalt náttúrulega varmaaflið (Guðni Axelsson o.fl., 2001).

Hér er aftur lögð áhersla á það að rúmmálsaðferðin tekur ekki tillit til mikilvægra þátta sem ráða miklu um afkastagetu jarðhitakerfa, eins og þrýstilækkunar vegna vinnslu, þróunar gufupúða, innstreymis og áhrifa niðurdælingar, nema í gegnum varmaheimtustuðulinn. Allir þessir þættir stuðla að meiri afkastagetu og má taka tillit til þeirra með hærri stuðli. Rúmmálsaðferðin er þó góð til að gera fyrsta mat á afkastagetu jarðhitakerfis áður en upplýsingar um ofangreinda þætti eru tiltækar.

Staðsetning Þeistareykja innan gosbeltisins og tilvist vel opinna sprungna mun væntanlega valda öfluggu innstreymi. Þá mun hiti nálægt suðumarki, allavega í hluta jarðhitakerfisins, líklegast valda því að einhvers konar gufupúði muni þróast eftir að vinnsla hefst, nema innstreymið sé þeim mun öflugra. Þessu til viðbótar má svo auka og viðhalda vinnslugetu jarðhitakerfisins með niðurdælingu. Jafnframt munu dýpri boranir í framtíðinni að öllum líkindum auka vinnslugetuna umtalsvert, en hér hefur aðeins verið gert ráð fyrir jarðhitavinnslu niður á 3 km dýpi. Allt bendir þetta til þess að líta megi á ofangreindar niðurstöður rúmmáls matsins (liðir 1–5. hér að ofan) sem neðri mörk. Þó verður að hafa í huga að atriðin, sem aukið geta vinnslugetuna, hafa ekki verið staðfest nema að takmörkuðu leyti, því borsvæðið á Þeistareykjum er enn mjög lítið.

Sjálfbær nýting jarðhitakerfa hefur verið skilgreind sem vinnsla sem hægt er að viðhalda í mjög langan tíma, eða 100–300 ár (Guðni Axelsson o.fl., 2001; 2006). Er þá jafnvel gert ráð fyrir tímabilum með ágengri vinnslu og hléum á víxl (Guðni Axelsson o.fl., 2006). Hugmyndin að vinnslu með hléum byggir á því að áhrif vinnslu á flest jarðhitakerfi á Íslandi eru talin afturkræf, þ.e. að jarðhitakerfi komist aftur í fyrra ástand eftir hæfilega hvíld, væntanlega af sambærilegri lengd og vinnslutímabilið. Reynsla frá mörgum svæðum hefur sýnt þetta svo og niðurstöður hermireikninga. Telja verður að svo verði einnig á Þeistareykjum vegna jarðfræðilegra aðstæðna og eðlis jarðhitakerfisins.

Rúmmálsaðferðin nýtist ekki vel til að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfisins á Þeistareykjum, eða afturkræfni áhrifa vinnslu þar. Það er einungis hægt með flóknari reikniliíkönnum eftir að nokkuð löng reynsla er komin á viðbrögð jarðhitakerfisins þar við vinnslu. En byggt á niðurstöðunum hér að ofan, bæði niðurstöðum rúmmáls matsins og þeim þáttum sem aukið geta vinnslugetuna umfram það sem væri ef eingöngu orkuforðinn væri nýttur, má telja góðar líkur á því að hún sé a.m.k. 100–150 MW<sub>e</sub> til 100 ára, annaðhvort með stöðugri vinnslu eða með hléum.

## 6 Heimildir

- Ásgrímur Guðmundsson (2007). *Þeistareykir. Stöðumat eftir borun holna ÞG-4 og ÞG-5*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð ÍSOR-07282, 20 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Sigvaldi Thordarson, Þorsteinn Egilson, Sveinbjörn Þórisson (2002). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum – Hóla ÞG-1. 3. áfangi: Borun vinnsluhluta í 1953 m dýpi*. Orkustofnun, skýrsla, OS-2002/079, 60 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Helga Tulinius, Kristján Sæmundsson og Ragna Karlsdóttir (2008). *Tillögur um borteiga á Þeistareykjum*. Landsvirkjun Power, fundargerð, 1. apríl 2008, 2 s.
- Benedikt Steingrímsson, Einar Tjörvi Eliasson og Valgarður Stefánsson (1991). Orka og afl háhitasvæða. *Orkuþing 91*, 14.-15. nóv. 1991: 335–346.
- Darling, W. G. og Ármannsson, H. (1989). Stable isotopic aspects of fluid flow in the Krafla, Námafjall and Theistareykir geothermal systems of northeast Iceland. *Chem. Geol.*, 76, 197–213.
- Gestur Gíslason, Gunnar V. Johnsen, Halldór Ármannsson, Helgi Torfason og Knútur Árnason (1984). *Þeistareykir - Yfirborðsrannsóknir á háhitasvæðinu*. Orkustofnun, skýrsla, OS-84089/JHD-16, 134 s.
- Guðmundur Pálmason, Gunnar V. Johnsen, Helgi Torfason, Kristján Sæmundsson, Karl Ragnars, Guðmundur Ingi Haraldsson og Gísli Karel Halldórsson (1985). *Mat á jarðvarma Íslands*. Orkustofnun, skýrsla, OS-85076/JHD-10, 134 s.
- Guðni Axelsson, Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Guðmundur Pálmason, Halldór Ármannsson, Helga Tulinius, Ólafur G. Flóvenz, Sveinbjörn Björnsson og Valgarður Stefánsson (2001). *Um sjálfbæra vinnslu jarðhita*. Erindi á Orkuþingi 11.–13. október. Orkumenning á Íslandi: grunnur til stefnumótunar. Samorka, Reykjavík, 478–484.
- Halldór Ármannsson (2001). *Þeistareykir – Yfirlit um rannsóknir og rannsóknarkostnað*. Orkustofnun, skýrsla OS-2001/035, 24 s.
- Halldór Ármannsson (2004). *Chemical aspects of exploration of the Theistareykir high-temperature geothermal area, N-E Iceland*. Water-Rock interaction: 63–67. Ritstjórar: R.B. Wanty og R.R. Seal II. Taylor and Francis Group, London.
- Halldór Ármannsson, Hrefna Kristmannsdóttir, Helgi Torfason og Magnús Ólafsson (2000). *Natural changes in unexploited high-temperature geothermal areas in Iceland*. Proc. World Geothermal Congress 2000, 521–526.
- James, R. (1970). Factors controlling borehole performance. *Geothermics*, 2, 2: 1502–1515.
- Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir (1975). *Þeistareykir – Áfangaskýrsla um yfirborðsrannsóknir jarðhitasvæðisins*. Orkustofnun, skýrsla, OS JHD 7501, 35 s.
- Kristján Sæmundsson (2007). *Jarðfræðin á Þeistareykjum*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð, ÍSOR-07270, 23 s.
- Muffler, L. P. J. (Ritstj.) (1979). *Assessment of geothermal resources of the United States -1978*. U.S., Geological survey circular 790.



- Ragna Karlsdóttir, Hjálmar Eysteinnsson, Ingvar Þór Magnússon, Knútur Árnason og Ingibjörg Kaldal (2006). *TEM-mælingar á Þeistareykjum og Gjástykki 2004–2006*. Íslenskar Orkurannsóknir, ÍSOR-2006/028, 88 s.
- Schreider, Yu., A (1964). *Method of statistical testing, Monte Carlo method*. Amsterdam, Elsevier Publishing Company.
- Sigurður S. Jónsson (2008). *XRD-greining á leirsteindum úr kjarnaholu ÞR-07 á Þeistareykjum*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð, ÍSOR-08034, 18 s.
- Svanur Pálsson, Guðmundur Ingi Haraldsson og Guðmundur H. Vigfússon (1984). *Eðlismassi og poruhluti bergs*. Orkustofnun, skýrsla OS-84048/VOD18, 35 s.
- Svavar Hermannsson og Baldur Líndal (1951). *Efnagreining á hverum og laugum*. Jarðboranir ríkisins.
- Williams, C. F. (2007). *Updated methods for estimating recovery factors for geothermal resources. Proceedings Thirty-Second Workshop on Geothermal Reservoir Engineering*. Stanford University, Stanford, California, January, 22–24, SGP-TP-183.
- The International Association for the Properties of Water and Steam (2007). <http://iapws.org/> (vefsíða).
- Yu, G., He, L. F., He, Z. X., Strack, K. M. og Tulinus, H. (2008a). *Iceland Theistareykir 2-D MT survey. Data acquisition report*. KMS Technologies - KJT Enterprises Inc. and VGK-Hönnun.
- Yu, G., He, L. F., He, Z. X., Strack, K. M. og Tulinus, H. (2008b). *Iceland Theistareykir 2-D MT survey. Data processing and interpretation*. KMS Technologies - KJT Enterprises Inc. and VGK-Hönnun.
- Þorsteinn Egilsson (2008). *Túlkun á þrepaprófun holu ÞG-3*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð í handriti, 5 s.

## Ritlisti

- Anett Blischke, Hjalti Steinn Gunnarsson, Bjarni Gautason, Sigurður Sveinn Jónsson, Bjarni Richter, Þorsteinn Egilsson, Oddur Óskar Kjartansson og Ragnar Bjarni Jónsson (2007). *Þeistareykir – Hóla ÞG-5. 3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 848 m í 1910 m*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2007/056, 75 s.
- Ásgrímur Guðmundsson (2007). *Þeistareykir. Stöðumat eftir borun holna ÞG-4 og ÞG-5*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð, ÍSOR-07282, 20 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Kjartan Birgisson, Snjólaug Ólafsdóttir, Þorsteinn Egilsson og Sveinbjörn Þórisson (2002). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum – Hóla ÞG-1. 1. áfangi: Borun fyrir öryggisfóðringu í 195 m dýpi*. Orkustofnun, skýrsla, OS-2002/051, 42 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Sigvaldi Thordarson, Þorsteinn Egilsson, Sveinbjörn Þórisson (2002). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum – Hóla ÞG-1. 3. áfangi: Borun vinnsluhluta í 1953 m dýpi*. Orkustofnun, skýrsla, OS-2002/079, 60 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Hilmar Sigvaldason, Þorsteinn Egilsson og Jón Árni Jónsson (2004). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum – Hóla ÞG-2. 1. áfangi: Borun fyrir öryggisfóðringu í 280 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2004/032, 68 s.

- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Hilmar Sigvaldason, Ómar Sigurðsson, Sigvaldi Thordarson, Þorsteinn Egilson og Sveinbjörn Þórisson (2004). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum – Hóla ÞG-2. 2. áfangi: Borun fyrir vinnslufóðringu í 617 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2004/033, 96 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Grímur Björnsson, Þorsteinn Egilson og Sveinbjörn Þórisson (2004). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum – Hóla ÞG-2. 3. áfangi: Borun á vinnsluhluta í 1723 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2004/034, 56 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Guðmundur Sigurðsson og Kristján Haraldsson (2006). *Þeistareykir – Hóla ÞG-03. 2. áfangi: Borun fyrir 9½" vinnslufóðringu frá 257 m í 757 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2006/057, 56 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Þorsteinn Egilson, Sigvaldi Thordarson og Ólafur Guðnason (2007). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum. Hóla ÞG-04 – Forborun og 1. áfangi: Borun fyrir 18½" yfirborðsfóðringu í 83 m og 13 ¾" öryggisfóðringu í 297 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2007/041, 89 s.
- Ásgrímur Guðmundsson, Helga Tulinius, Kristján Sæmundsson og Ragna Karlsdóttir (2008). *Tillögur um borteiga á Þeistareykjum*. Landsvirkjun Power, fundargerð, 1. apríl 2008, 2 s.
- Benedikt Steingrímsson, Einar Tjörvi Eliasson og Valgarður Stefánsson (1991). Orka og afl háhitasvæða. *Orkuþing* 91, 14.–15. nóv. 1991: 335–346.
- Bjarni Gautason, Ásgrímur Guðmundsson, Sigvaldi Thordarson, Þorsteinn Egilson, Ómar Sigurðsson, Kjartan Birgisson, Benedikt Steingrímsson, Sveinbjörn Þórisson (2002). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum – Hóla ÞG-1. 2. áfangi: Borun fyrir vinnslufóðringu í 617 m dýpi*. Orkustofnun, skýrsla, OS-2002/065, 47 s.
- Bjarni Gautason, Sigvaldi Thordarson, Bjarni Richter, Þorsteinn Egilson, Páll Jónsson, Hjalti Steinn Gunnarsson, Friðgeir Pétursson, Oddur Kjartansson og Kristján Haraldsson, (2007a). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum. Hóla ÞG-04 – 2. áfangi: Borun fyrir 9½" vinnslufóðringu frá 287 m í 839 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2007/047, 52 s.
- Bjarni Gautason, Sigvaldi Thordarson, Bjarni Richter, Þorsteinn Egilson, Páll Jónsson, Hjalti Steinn Gunnarsson, Friðgeir Pétursson, Oddur Kjartansson og Kristján Haraldsson (2007b). *Þeistareykir – Hóla ÞG-5. Forborun og 1. áfangi: Borun fyrir yfirborðsfóðringu í 110 m og öryggisfóðring á 315 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2007/055, 38 s.
- Bjarni Richter, Þorsteinn Egilson, Anette K. Mortensen, Ragnar Bjarni Jónsson, Sigvaldi Thordarson, Friðgeir Pétursson, Oddur Kjartansson, Robert Stacy og Kristján Haraldsson (2007). *Rannsóknarborun á Þeistareykjum Hóla ÞG-4. 3. áfangi: Borun vinnsluhluta fyrir 7" leiðara frá 839 m í 2240 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2007/054, 106 s.
- Darling, W.G. og Ármannsson, H. (1989). Stable isotopic aspects of fluid flow in the Krafla, Námafjall and theistareykir geothermal systems of northeast Iceland. *Chem. Geol.*, 76, 197–213.
- Gestur Gíslason, Gunnar V. Johnsen, Halldór Ármannsson, Helgi Torfason og Knútur Árnason (1984). *Þeistareykir - Yfirborðsrannsóknir á háhitasvæðinu*. Orkustofnun, skýrsla, OS-84089/JHD-16, 134 s.
- Guðmundur Pálmason (1981). Crustal rifting and related thermo-mechanical processes in the lithosphere beneath Iceland. *Geol. Rundschau*, 70, 1: 244–260.

- Guðmundur Pálmason, Gunnar V. Johnsen, Helgi Torfason, Kristján Sæmundsson, Karl Ragnars, Guðmundur Ingi Haraldsson og Gísli Karel Halldórsson (1985). *Mat á jarðvarma Íslands*. Orkustofnun, skýrsla, OS-85076/JHD-10, 134 s.
- Guðni Axelsson, Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Guðmundur Pálmason, Halldór Ármannsson, Helga Tulinius, Ólafur G. Flóvenz, Sveinbjörn Björnsson og Valgarður Stefánsson (2001). *Um sjálfbæra vinnslu jarðhita*. Erindi á Orkuþingi 11.–13. október, Orkumenning á Íslandi: grunnur til stefnumótunar, Samorka, Reykjavík, 478–484.
- Guðni Axelsson, Sveinbjörn Björnsson og Valgarður Stefánsson (2006). *Hvernig á að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitasvæða?* Erindi á Orkuþingi 11.–13. október, Orkan og samfélagið: vistvæn lífsgæði, Samorka, Reykjavík, 468–476.
- Halldór Ármannsson (2001). *Peistareykir – Yfirlit um rannsóknir og rannsóknarkostnað*. Orkustofnun, skýrsla, OS-2001/035, 24 s.
- Halldór Ármannsson (2004). *Chemical aspects of exploration of the Theistareykir high-temperature geothermal area, N-E Iceland*. Water-Rock interaction: 63–67. Ritstjórar: R.B. Wanty og R.R. Seal II. Taylor and Francis Group, London.
- Halldór Ármannsson, Hrefna Kristmannsdóttir, Helgi Torfason og Magnús Ólafsson (2000). *Natural changes in unexploited high-temperature geothermal areas in Iceland*. Proc. World Geothermal Congress 2000, 521–526.
- James, R. (1970). Factors controlling borehole performance. *Geothermics*, 2, 2: 1502–1515.
- Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir (1975). *Peistareykir – Áfangaskýrsla um yfirborðsrannsóknir jarðhitasvæðisins*. Orkustofnun, skýrsla, OS JHD 7501, 35 s.
- Kristján Sæmundsson (2007). *Jarðfræðin á Peistareykjum*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð, ÍSOR-07270, 23 s.
- Lacasse, C., Guðmundsson, G., Þrastarson, R. H. og Elefsen, S. Ó. (2007). *Boreholes ÞR-7, GR-3 in Northeast Iceland – Geology and Temperature Logging*. VGK-Hönnun, Report VH 2007–125, 140 pp.
- Muffler, L. P. J. (Ritstj.) (1979). *Assessment of geothermal resources of the United States -1978*. U.S., Geological survey circular 790.
- Ragna Karlsdóttir, Hjálmar Eysteinnsson, Ingvar Þór Magnússon, Knútur Árnason og Ingibjörg Kaldal (2006). *TEM-mælingar á Peistareykjum og Gjástykki 2004–2006*. Íslenskar Orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2006/028, 88 s.
- Schreider, Yu., A (1964). *Method of statistical testing, Monte Carlo method*. Amsterdam, Elsevier Publishing Company.
- Sigurður S. Jónsson (2008). *XRD-greining á leirsteindum úr kjarnaholu ÞR-07 á Peistareykjum*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð, ÍSOR-08034, 18 s.
- Sigurjón Böðvar Þórarinnsson, Bjarni Gautason, Ásgrímur Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson og Kristján Haraldsson (2006). *Rannsóknarborun á Peistareykjum – Hóla ÞG-3. Forborun og 1. áfangi: Borun fyrir 18½" yfirborðsfóðringu í 74,5 m og 13½" öryggisfóðringu frá 74,5 m í 257 m dýpi*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2006/043, 31 s.
- Sigurjón Böðvar Þórarinnsson, Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Þorsteinn Egilson, Kjartan Birgisson og Guðmundur Sigurðsson (2006). *Rannsóknarborun á Peistareykjum Hóla*

- ÞG-3. 3. áfangi: Borun vinnsluhluta fyrir 7" leiðara frá 757 m í 2659 m dýpi. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2006/053, 134 s.
- Svanur Pálsson, Guðmundur Ingi Haraldsson og Guðmundur H. Vigfússon (1984). *Eðlismassi og poruhluti bergs*. Orkustofnun, skýrsla, OS-84048/VOD18, 35 s.
- Svavar Hermannsson og Baldur Líndal (1951). *Efnagreining á hverum og laugum*. Jarðboranir ríkisins.
- Williams, C. F. (2007). *Updated methods for estimating recovery factors for geothermal resources*. Proceedings Thirty-Second Workshop on Geothermal Reservoir Engineering. Stanford University, Stanford, California, January, 22–24, SGP-TP-183.
- The International Association for the Properties of Water and Steam (2007). <http://iapws.org/> (vefsíða).
- Yu, G., He, L. F., He, Z. X., Strack, K. M. og Tulinus, H. (2008a). *Iceland Theistareykir 2-D MT survey. Data acquisition report*. KMS Technologies - KJT Enterprises Inc. and VGK-Hönnun.
- Yu, G., He, L. F., He, Z. X., Strack, K. M. og Tulinus, H. (2008b). *Iceland Theistareykir 2-D MT survey. Data processing and interpretation*. KMS Technologies - KJT Enterprises Inc. and VGK-Hönnun.
- Þorsteinn Egilsson (2008). *Túlkun á þrepaprófun holu ÞG-3*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð í handriti, 5 s.
- Þorsteinn Egilsson, Halldór Ármannsson, Benedikt Steingrímsson, Ásgrímur Guðmundsson og Hreinn Hjartarson (2004). *Þeistareykir – Hóla ÞG-1: Mælingar í upphitun og blæstri 2002–2003*. Íslenskar orkurannsóknir, skýrsla, ÍSOR-2004/040, 30 s.

## Viðauki 1: Upplýsingar úr kjarnaholu PR-7

Borehole PR-07 (Lat. N65°53'43.5", Long. W17°00'40.0") was drilled in the fall 2007 to a depth of 458.1 meters. Drill cuttings were collected down to 240-m depth while drill cores were collected from 240-m depth down to the bottom of the hole. Detailed geological and temperature loggings of the borehole were carried out (Lacasse et al., 2007).

For the purpose of modeling the geological log was simplified to 5 main rock types that were distinguished on the basis of their origin, texture, hardness, degree of alteration, and apparent porosity (Figure 1):


- ~0-170 m depth: Fresh to mildly altered basalt.
- ~170-205 m depth: Volcanic sandstone + volcanic breccias (Móberg).
- ~205-255 m depth: Volcanic breccias (Móberg) + altered basalt.
- ~255-361 m depth and ~425-442 m depth: Volcanic breccias (Móberg).
- ~361-425 m and below ~442 m depth: Highly altered basalt.

Variation in these parameters influences to some extent the increase of borehole temperature with depth as shown in Figure 1. For instance the boundary at ~170 m depth, between fresh/mildly altered basalt and volcanic breccias, clearly matches a sharp increase in temperature likely associated to an increase in rock porosity. Other slight kinks and significant variations in the high-resolution temperature profile can be correlated to specific rock type boundaries such as at ~205 m, ~255 m, ~361 m, and ~425 m depths (Figure 1).

Whole rock samples were later collected every 30 to 50 m depth interval for further XRD analyses. Results of these analyses (Jónsson, 2008) have confirmed the occurrence of secondary mineralization (smectite, chlorite) with 4 main distinct layers of increasing degree of alteration (Figure 1):


- ~0-205 m depth: Clay-free layer
- ~205-300 m depth: Smectite layer
- ~300-420 m depth: Mixed (smectite + chlorite) layer
- Below ~420 m depth: Chlorite layer

Boundaries between these layers are not well constrained because of the sampling resolution and must be considered only as indicative.




Mynd 33. Temperature profile, alteration layers and simplified geological log of well BR-7.


## Viðauki 2: Hita- og þrýstingsferlar úr djúpum rannsóknarholum á Þeistareykjum




Mynd 34. Hitamælingar í holu ÞG-1 á Þeistareykjum.




Mynd 35. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-1 á Þeistareykjum.




Mynd 36. Hitamælingar í holu ÞG-2 á Peistareykjum.



Mynd 37. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-2 á Peistareykjum.




Mynd 38. Hitamælingar í holu ÞG-3 á Peistareykjum.




Mynd 39. Þrýstingsmælingar í holu ÞG-3 á Peistareykjum.







Mynd 40. Hitamælingar í holu ÞG-4 á Peistareykjum.



Mynd 42. Prýstingsmælingar í holu ÞG-4 á Peistareykjum.




Mynd 41. Hitamælingar í holu ÞG-5 á Peistareykjum.




Mynd 43. Prýstingsmælingar í holu ÞG-5 á Peistareykjum.

### Viðauki 3: Aflmælingar holna ÞG-1, ÞG-3, ÞG-4 og ÞG-5


Myndirnar hér að neðan sýna niðurstöður stakra mælinga í tengslum við aflmælingar holnanna á Þeistareykjum 2002 og 2007-2008.




**Mynd 44.** Mælt vermi og flæði holu ÞG-1 árið 2002.




**Mynd 47.** Mældur toppþrýstingur og flæði holu ÞG-1 2007-2008.




**Mynd 45.** Mældur toppþrýstingur og flæði holu ÞG-1 árið 2002.




**Mynd 48.** Mælt vermi og flæði holu ÞG-3 2007-2008.




**Mynd 46.** Mælt vermi og flæði holu ÞG-1 2007-2008.




**Mynd 49.** Mældur þrýstingur og flæði holu ÞG-3 2007-2008.




**Mynd 50.** Mælt vermi og flæði holu PG-4 2007–2008.



**Mynd 52.** Mældur toppþrýstingur og flæði holu PG-4 2007–2008.




**Mynd 51.** Mælt vermi og flæði holu PG-5 2007–2008.




**Mynd 53.** Mældur toppþrýstingur og flæði holu PG-5 2007–2008.

## Viðauki 4: Næmnigreining rúmálmatsins


Hér ætlum við að athuga hversu næmar fyrrgreindar niðurstöður rúmálmatsins eru fyrir breytingum á nokkrum inntaksbreytum. Tökum fyrst dæmi af breytingu á líkindadreifingu yfirborðsflatarmálsins  $F$  og könnum hvernig 90% öryggisbil á rafafli til 50 ára breytist við annars vegar breikkun og hins vegar mjókkun á líkindadreifingu af  $F$  um  $20 \text{ km}^2$  án þess að breyta líklegasta gildi þess. Breytinguna á öryggisbilinu má sjá á mynd 54. Á mynd 55 sést hins vegar hvernig öryggisbilið breytist með breytingu á líklegasta gildi varmaheimtu-stuðulsins  $R$  um  $\pm 5\%$  meðan breidd líkindadreifingar stuðulsins er haldið föstu. Að lokum má sjá á mynd 56 hvernig öryggisbilið breytist með breytingu á rafnýtnistuðlinum  $\bar{\eta}_e$  um  $\pm 3\%$ .



**Mynd 54.** 90% öryggisbil á rafafli til 50 ára fyrir mismunandi breidd á líkindadreifingu á yfirborðsflatarmálinu.



**Mynd 55.** 90% öryggisbil á rafafli til 50 ára fyrir mismunandi líklegustu gildi á líkindadreifingu af varmaheimtustuðlinum.



**Mynd 56.** 90% öryggisbil á rafafli til 50 ára fyrir mismunandi gildi á rafnýtnistuðli.

